# Framfarir í fornleifaskráningu 1.

Samanburður á skráningu með hefðbundnum aðferðum og með flygildi





Gunnar Grímsson og Orri Vésteinsson

Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í fornleifafræði



Reykjavík 2021

Forsíðumynd: Samanburður á skráningu fjárhúsa MH-056:004. Sjá Viðauka 3.

# Efnisyfirlit

Inngangur 4

Fornleifaskráning og loftmyndun 4

Rannsóknarsvæði og aðferðir 9

Niðurstöður 10

Tímamælingar 12

Samantekt – kostir og gallar 13

Tillögur 14

Viðauki 1: Gunnar Grímsson: Kortlagning minja og leiða á Hafþórsstöðum með flygildi 16

Viðauki 2: Orri Vésteinsson: Fornleifaskrá Hafþórsstaða 31

Viðauki 3. Gunnar Grímsson: Samanburður á skráningaraðferðum 66

## Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var haustið 2020 til að bera saman ólíkar aðferðir við fornleifaskráningu, annars vegar hefðbundna aðferð sem byggir á heimildakönnun og vettvangsskoðun og hins vegar myndatöku með flygildi. Flygildi hafa á skömmum tíma rutt sér til rúms sem hjálpartæki við fornleifaskráningu enda hafa þau marga augljósa kosti sem mikilsvert er að hægt verði að nýta. Rannsóknin miðar að því að greina veikleika og styrkleika hvorrar aðferðar fyrir sig til að fá skýran grundvöll að ferkari þróun aðferða á þessu sviði. Rannsóknin var gerð af höfundum og styrkt af Rannsóknastofu í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

## Fornleifaskráning og loftmyndun

Á síðastliðnum aldarfjórðungi hefur verið unnið jafnt og þétt að fornleifaskráningu á Íslandi. Stöðugar umbætur hafa orðið í aðferðafræði en í grundvallaratriðum byggir skráningarstarfið á sjónarmiðum um markmið og leiðir sem mótuðust um miðjan tíunda áratug 20. aldar. Framsýnir fræðimenn höfðu á níunda áratugnum talað fyrir mikilvægi skipulegrar og heildstæðrar fornleifaskráningar og gert tilraunir með skráningu sem sýndu vel hversu mikið starf var fyrir stafni.[1] Við þá skráningu var lögð áhersla á að ganga um landið í leit að sýnilegum rústum og alúð lögð við að mæla upp rústirnar og lýsa þeim nákvæmlega. Farið var eftir ábendingum staðkunnugra og vísbendingar úr heimildum nýttar eftir föngum en ekki gert ráð fyrir skipulegri greiningu þeirra áður en haldið væri á vettvang.

Á tíunda áratugnum færðist mikill vöxtur í fornleifaskráningu á vegum sveitarfélaga í sambandi við skipulagsgerð og þá mótuðust þær aðferðir sem enn er beitt í meginatriðum: lögð er áhersla á skipulega heimildakönnun áður en farið er á vettvang, reynt að ná tali af staðkunnugum til að fá frekari upplýsingar en ekki gengið skipulega um nema þar sem vitað eru um fornleifar. Munurinn samanborið við fyrri aðferðir er einkum að mikill fjöldi fornleifa sem ekki eru sýnilegar á yfirborði er nú skráður, en staldrað skemur við á hverjum stað. Meginrökin eru annars vegar þau að stór hluti mannvistarleifa er undir yfirborði og að ekkert sérstakt samhengi er milli þess og hvort ummerki um þær sjást ofanjarðar, og hins vegar að verkið er mikið, með allt að 150.000 minjastaði á öllu landinu, og því mikilvægt að nýta sem best tímann á vettvangi, dýrasta hluta verksins.[2]

[1] Ágúst Ólafur Georgsson 1988, 'Fornleifaskráning í Stykkishólmshreppi.' *Breiðfirðingur* 46: 85-95; Ágúst Ólafur Georgsson 1989, 'Byggðaleifar í Fagurey.' *Breiðfirðingur* 47:7-24; Guðmundur Ólafsson 2015, 'Upphaf skipulegrar fornleifaskráningar á Íslandi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 2014*, 121-34. Kristján Eldjárn 1982, 'Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftanesi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1981*, 132-47.

[2] Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998, 'Fornleifaskráning - Brot úr íslenskri vísindasögu.' *Archaeologia islandica* 1, 14-44.

Ljóst er að með þessari nálgun verða minjastaðir út undan, einkum stakar tóftir og mannvirki eins og vörður sem er ekki getið í heimildum og eru fjarri öðrum minjastöðum og alfaraleiðum. Hugmyndin hefur verið sú að svokölluð aðalskráning, eins og hér hefur verið lýst, dugi til að fá heildarmynd af fjölda og ástandi fornleifa á hverju svæði fyrir sig, en að þegar framkvæmdir eða breytt landnotkun stendur fyrir dyrum verði að gera nákvæmari deiliskráningu sem felst í því að ganga skipulega um fyrirhugað framkvæmdasvæði og finna þannig þær fornleifar sem ekki komust á blað í fyrri umferð. Rannsóknir skortir til að sýna hversu stórt hlutfall minjastaða bætist við á stigi deiliskráningar þannig að meta megi hvað aðalskráningin nær stórum hluta af heildinni en augljós ávinningur væri ef hægt væri að þróa aðferðir sem gerðu mögulegt að bæta heimtur í fyrstu umferð fornleifaskráningar. Einkum hefur verið horft til fjarkönnunar með loftmyndum og hafa verið gerðar nokkrar athuganir á möguleikum slíkra aðferða til að bæta aðferðafræði fornleifaskráningar. Það er á þremur sviðum sem loftmyndir gefa von um úrbætur:

Í fyrsta lagi hefur lengi verið ljóst að með loftmyndum má fá betri gögn um minjastað en hægt er að afla á jörðu niðri, sérílagi á þeim tíma og með þeim búnaði sem til reiðu er í hefðbundinni fornleifaskráningu. Ein góð loftmynd getur gefið skýrari og heildstæðari mynd af minjastað en hægt er að bregða upp með nákvæmum og tímafrekum mælingum og ljósmyndun á jörðu niðri. Ljósmyndun á jörðu niðri er iðulega verulegum takmörkunum háð og þarf sérstakar aðstæður til að hægt sé að ná þannig myndum sem sýna mannvirkjaleifar skýrt og/eða í heild sinni. Sveinbjörn Rafnsson gerði fyrstur tilraunir með skámyndatöku úr flugvél á minjastöðum á Austurlandi[3] og tilraunum af því tagi var haldið áfram við fornleifaskráningu í Eyjafjarðarsveit 1994 þegar unnið var að þróun þeirra skráningaraðferða sem síðan hafa legið til grundvallar. Á vegum þessara verkefna náðust mjög góðar myndir af einstökum stöðum en jafnframt var ljóst að þetta væri mjög dýr aðferð til að safna gögnum um fornleifastaði. Flugferðirnar nýttust ekki vel til að finna aðra staði en þá sem þegar var búið að staðsetja og heimsækja á vettvangi og þó að tala mætti um virðisauka fyrir þá staði sem náðist að mynda úr lofti þá gaf myndatakan ekki fyrirheit um að nota mætti hana til að spara verk á vettvangi, t.d. þannig að hún gæti komið í staðinn fyrir tímafreka uppmælingu. Ská-loftljósmyndir þessa tíma voru ekki hnitsettar og því ekki hægt að nota þær til að gera kort af minjastöðum.[4] Uppréttar myndir geta leyst þetta og er til mikið safn uppréttra mynda af öllu landinu sem byrjað var að safna skipulega á sjötta áratug 20. aldar. Þessar myndir, jafnvel sumar þeirra elstu, geta verið í mjög góðri upplausn þannig að tóftir sjást og er þá hægt að gera kort eftir þeim. Vandinn er sá að upplausnin er misjöfn og því ekki hægt að treysta því að loftmyndir séu til reiðu alls staðar þar sem á að skrá. Þetta hefur þó batnað mikið á undanförnum árum og er eitt af þeim atriðum þar sem veruleg framþróun hefur orðið í aðferðafræði fornleifaskráningar. Annars vegar hefur aðgengi að gömlum uppréttum og svarthvítum myndum í fórum Landmælinga Íslands stórbatnað þannig að mun auðveldara er

[3] Sveinbjörn Rafnsson 1990, *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, (Rit hins íslenska fornleifafélags 1), Reykjavík.

[4] Eitt elsta dæmið um árangursríka skámyndatöku af flóknum minjastað er Sigurjón Páll Ísaksson & Þorgeir S. Helgason 1995, 'Vetrarmyndir frá Nesi við Seltjörn og Laugarnesi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1994*, 149-61.

nú að ganga úr skugga um hvaða myndir eru til og jafnvel skoða þær í hárri upplausn á netinu. Hins vegar eru hnitsettar loftmyndir orðnar aðgengilegar fyrir allt landið og eru þær oft í svo góðri upplausn að greina má fornleifar á þeim og gera uppdrætti eftir þeim. Skipulegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar á þessu atriði en algeng reynsla er að jafnvel þar sem margt má greina á góðri upréttri lofmynd getið það ekki komið í staðinn fyrir að heimsækja staðinn. Túlkun loftmyndar verður að sannreyna á jörðu niðri: á henni geta sést atriði sem líta út eins og fornleifar en eru það ekki og á henni sjást iðulega ekki atriði sem blasa við á vettvangi. Ýmsar greiningar, t.d. á byggingarstigum og ástandi minja er einnig nær ómögulegt að gera á grundvelli loftmynda eingöngu. Uppréttar loftmyndir eru engu að síður orðnar meginstoð í hefðbundinni fornleifaskráningu, fyrst og fremst sem hjálpargögn við kortagerð eftir að búið er að fara á vettvang og sem heimildir um minjastaði sem búið er að skrá. Á síðustu árum hefur síðan færst mjög í vöxt að flygildi sé með í för bæði við hefðbundna fornleifaskráningu og sem sérstök aðferð til að skrá þekkta minjastaði. Við venjulega skráningu er flygildið þá sent á loft þegar verið er að skrá fornleifar þar sem ummerki eru sýnileg á yfirborði og teknar myndir til að safna betri gögnum um staðinn en hefðbundin ljósmyndun á jörðu niðri myndi leyfa. Slík myndataka kemur í raun í stað annarrar ljósmyndatöku en yfirleitt ekki í stað uppmælinga. Nokkur verkefni hafa verið unnin þar sem þekktir minjastaðir hafa verið myndaðir í bak og fyrir með flygildi og með þeim gögnum gerð hæðalíkön sem leyfa nákvæmari greiningu á viðkomandi minjastað.[5] Slík gagnaöflun krefst lengri viðveru á hverjum stað og mun meiri gagnavinnslu eftir að heim er komið en svigrúm er fyrir í venjulegri fornleifaskráningu. Í þessum verkefnum hefur þó verið safnað dýrmætri reynslu við myndaöflun og myndgreiningu sem mun nýtast við þróun aðferða á þessu sviði.[6] Þá eru til minjaflokkar sem eru svo víðfeðmir að rannsókn þeirra er best framkvæmd úr lofti. Þetta á einkum við um garðlög og götur.[7] Mjög færist í vöxt að áhugafólk um fornleifar noti flygildi til að taka myndir af þekktum minjastöðum og birta á samfélagsmiðlum og þannig er safnað mikilvægum heimildum um þá staði.[8]

Í öðru lagi er möguleiki að hægt sé að greina á loftmyndum fornleifar sem ekki eru sýnilegar á jörðu niðri. Þetta getur bæði átt við ummerki sem alls ekki eru sýnileg á yfirborði, eða ummerki sem eru svo illgreinanleg að þau sjást ekki á jörðu niðri nema við ákveðin skilyrði og því hætta á að þeim sé ekki veitt eftirtekt við vettvangsskráningu. Birtuskilyrði og gróður geta haft áhrif á þetta og eru mörg dæmi um að venjulegar ljósmyndir teknar úr flugvél eða flygildi, einkum þegar sól er lágt á lofti, sýni glöggt mannvirkjaleifar sem sjást ekki á jörðu niðri eða svo óglöggt að form þeirra verður ekki greint með góðu móti. Uppréttar myndir geta sýnt fornleifar af þessu tagi – og þurfa þá að fara saman góð upplausn og sérstök skilyrði. Dæmi um minjastað sem uppgötvaðist við greiningu uppréttra mynda er í Brekkum

---

[5] Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2016, *Friðlýstar fornleifar úr lofti. Uppblásin bæjarstæði í Rangárþingi ytra*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS633). Ragnheiður Gló Gylfadóttir & Garðar Guðmundsson 2019, *Þjórsárdalur. Skráning fornminja úr lofti*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS716).

[6] Ein fyrsta aðferðarannsóknin á þessu sviði er Garðar Guðmundsson 2001, *Gerð hæðarlíkana af fornleifum eftir mælingum með alstöð, GPS-tæki og eftir loftljósmyndum úr lágflugi*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS486).

[7] Árni Einarsson 2019, *Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*, Reykjavík.

[8] T.d. https://www.facebook.com/arni.einarsson.9. https://www.facebook.com/unnsteinn.ingason.

á Hofstöðum í Mývatnssveit. Minjastaðurinn kom í ljós þegar GoogleEarth birti myndir sem höfðu verið teknar eftir snjóhríð í maí 2012 þar sem snjófölin teiknar upp útlínur mannvirkjaleifanna. Eftir því sem slíkum myndum fjölgar og aðgengi að þeim batnar munu uppgötvanir af þessu tagi verða algengari. Ekki síður munar þó um flygildin sem mun auðveldara er að senda á loft þegar birtuskilyrði eru hagstæð en þau nýtast þó fyrst og fremst þar sem vitað er fyrir fram að fornleifar geti leynst en mörg dæmi er um að slík myndataka hafi leitt í ljóst mannvirkjaleifar á vel þekktum minjastöðum sem ekki höfðu greinst áður.[9] Hér geta bæði átt við stakar myndir sem sýna mannvistarleifar vegna góðra skilyrða en líka hæðalíkön sem gerð eru á grundvelli samfelldrar myndatöku yfir minjastaðnum. Í síðara tilfellinu á enn frekar við að í slíka myndatöku er sjaldnast ráðist nema vitað sé um minjar á viðkomandi stað. Auk hefðbundinnar ljósmyndatöku hafa verið gerðar tilraunir með innrauðar myndir og hitamyndir. Þessar aðferðir hafa það fram yfir hefðbundna ljósmyndun að geta mögulega greint ummerki undir sverði sem undir engum kringumstæðum gætu verið sýnileg með berum augum.[10] Sveinbjörn Rafnsson prófaði að taka innrauðar myndir úr flugvél á níunda áratug 20. aldar[11] en ekki kom þá í ljós skýr ávinningur af því eða í öðrum tilraunum sem voru gerðar á tíunda áratugnum.[12] Skipuleg rannsókn með samanburði á upprèttum nær-innrauðum myndum og litljósmyndum leiddi í ljós að fleiri fornleifar sáust á innrauðu myndunum, m.a. mannvirkjaleifar sem ekki höfðu sést á vettvangi.[13] Þrátt fyrir skýrar niðurstöður hafa innrauðar myndir ekki rutt sér til rúms við fornleifaskráningu á Íslandi. Skýringar á því geta legið í kostnaði við tæki og hugbúnað, skorti á sérþekkingu og þjálfun og ónógri þróunarvinnu til að sýna fram á hvernig mest gagn má hafa af slíkri myndatöku m.t.t. árstíða, veðurfars, jarðvegs, gróðurs og fleiri þátta. Fornleifar í túninu í Nesi við Seltjörn voru greindar á hitamyndum í sambandi við fornleifarannsóknir þar 1996[14] en aðferðin var síðan ekki notuð með góðum árangri fyrr en í rannsókn Gunnars Grímssonar á fornleifum í Þingvallaþjóðgarði 2018 þar sem hægt var að staðfesta með kjarnaborun að misfellur, sem sáust á hitamyndum en ekki yfirborði, væru fornleifar.[15] Reynslan af þessum athugunum var að árangursrík hitamyndataka væri háð veðurskilyrðum og tíma dags – bestu myndirnar voru teknar að kvöldlagi eftir sólríkan dag en þó náðust einnig góðar myndir við þungbúnari skilyrði og því ljóst að fleiri en einn þáttur getur haft áhrif á niðurstöðuna. Þessi

---

[9] Ragnheiður Gló Gylfadóttir & Garðar Guðmundsson 2019, *Þjórsárdalur.* Gunnar Grímsson

[10] Casana, Jesse, Adam Wiewel, Autumn Cool, Austin Chad Hill, Kevin D. Fisher & Elsie J. Laugier 2017, 'Archaeological aerial thermography in theory and practice.' *Advances in Archaeological Practice* 5(4), 310-327. doi:10.1017/aap.2017.23

[11] Sveinbjörn Rafnsson 1990, *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, 34, 47, 48.

[12] Elín Fjóla Þórarinsdóttir 1993, *Samanburður þriggja gerða loftljósmynda til greiningar á mannvistarminjum*, BS ritgerð í landfræði, Háskóli Íslands.

[13] Lilja Laufey Davíðsdóttir 2011, *Gildi loftmynda í fornleifarannsóknum*, MS ritgerð í landfræði, Háskóli Íslands. Lilja Laufey Davíðsdóttir, Guðrún Gísladóttir & Ragnheiður Traustadóttir 2013, 'Innrauðar loftmyndir í fornleifarannsóknum. Notkun, nytsemi og möguleikar.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 2012*, 45-80.

[14] Kolbeinn Árnason 1996, 'Kortlagning fornleifa með fjarkönnun úr flugvél.' Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson, *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn* V. *Skýrsla um fornleifauppgröft í túni við Nesstofu 1996*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS027), 33-37.

[15] Gunnar Grímsson 2020, *Kortlagning eyðibyggðarinnar á Þingvöllum með flygildum og hitamyndavél*, BA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands.

aðferð kemur því helst að notum til að greina einstakar mannvirkjaleifar á stöðum þar sem grunur leikur á um að þær gætu leynst.

Í þriðja lagi geta loftmyndir verið sjálfstæð heimild um fornleifar sem gefur möguleika á að greina fornleifar án þess að fara á vettvang. Skipuleg greining loftmynda gæti leyst það vandamál sem lýst var hér að ofan, að staðir verða út undan við vettvangsvinnu Það er í raun einsætt að nauðsynlegt er að greina tiltækar loftmyndir áður en farið er á vettvang, enda er slík greining orðinn fastur liður í svæðisskráningu – heimildakönnun sem er undanfari aðalskráningar á vettvangi – en ekki hafa verið settir fram staðlar um hvernig slík greining ætti að fara fram og er hún af þeim sökum misítarleg frá einu verkefni til annars. Í lok fyrsta áratugs aldarinnar voru gerðar rannsóknir þar sem greining uppréttra mynda var borin saman við niðurstöður hefðbundinnar fornleifaskráningar á vettvangi og sýndu þær vel hversu miklar upplýsingar um fornleifar má greina á loftmyndum.[16] Áreiðanlegt er að skipuleg greining loftmynda getur dregið úr þeirri skekkju sem hlýst af áherslu aðalskráningar á að skoða einkum svæði sem vísbendingar liggja fyrir um. Ýmis ljón eru þó á vegi þess að beita slíkri greiningu skipulega. Þar á meðal eru misjöfn gæði myndanna, ofgreining og vangreining. Í raun nýtast uppréttar loftmyndir best sem alhliða hjálpargögn sem athuguð eru ítrekað: fyrst á stigi svæðisskráningar, til að staðsetja staði sem aðrar vísbendingar eru um og til að leita að sjálfstæðum vísbendingum um minjastaði, síðan á vettvangi til að gera það sama og ekki síður við úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna.

Hér hefur verið fjallað jöfnum höndum um loftmyndir sem teknar eru úr gervitunglum, flugvélum og flygildum enda eiga þær það allar sameiginlegt að gefa annað og víðara sjónarhorn en fæst á jörðu niðri. Uppréttar loftmyndir teknar úr gervihnöttum eða háflugi eru fyrir löngu orðin sjálfsögð hjalpargögn á öllum stigum fornleifaskráningar en þó upplausn þeirra fari batnandi þá er hún mjög misgóð og jafnvel við bestu skilyrði ekki jafngóð og myndir sem teknar eru úr lágflugi eða með flygildi. Lágflugi er einfaldlega erfitt að koma við, einkum vegna kostnaðar, en myndataka úr flygildi hefur þegar sannað gildi sitt sem leið til að afla góðra gagna um tiltekna staði. Flygildi opna líka möguleika á heildstæðri, fljótlegri og ódýrri kortlagningu vegna fornleifaskráningar. Til viðbótar við að taka myndir af einstökum mannvirkjaleifum er hægt að taka samfelldar myndir yfir stór svæði sem má með myndmælingu nota til að gera bæði upprétt kort og hæðalíkön í mun hærri upplausn en aðrar aðferðir bjóða upp á. Birtuskilyrði skipta mun minna máli við myndmælingu þar sem skuggarnir koma fram á hæðalíkani þegar það er stillt sem hlíðaskyggna (hillshade). Athugun sú sem hér er greint frá gekk út á að bera saman skipulega afrakstur hefðbundinnar fornleifaskráningar og greiningar myndaganga sem aflað var með flygildi á sama svæði. Markmiðið er annarsvegar að fá fram skýrar vísbendingar til að meta vægi þeirra kosta og þeirra galla sem hvorri aðferð fylgja og hins vegar að skilgreina hvernig sameina má kosti þessara aðferða til að bæta aðferðafræði við aðalskráningu fornleifa. Horft er til mögulegra úrbóta á eftirfarandi sviðum:

- Heimtur – hversu margir staðir eru greindir

[16] Óskar Gísli Sveinbjarnarson 2007, *Aerial Survey. Archaeological Survey through High Altitude Aerial Photographs,* BA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands. Birna Lárusdóttir og Oscar Aldred 2008, *Kortlagning fornleifa af gervihnattamyndum*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (FS389).

- Traust – hversu öruggt er að fornleifar leynist ekki þar sem ekkert hefur verið skráð
- Nákvæmni og gæði gagna
- Kostnaður – tíminn sem fer í að afla gagnanna og greina þau

## Rannsóknarsvæði og aðferðir

Til að gera samanburðinn var valin jörð sem til stóð að gera aðalskráningu fyrir. Hafþórsstaðir í Norðurárdal í Mýrasýslu eru eins dæmigerð jörð og hugsast getur í íslensku samhengi. Hún var heldur undir meðallagi að dýrleika (16 hundruð), nærri ferstrendur skiki sem nær frá á í dalsbotni upp á fjallsöxl, um 2,25 km á hvorn veg. Samkvæmt manntölum var þar lengst af einbýli á seinni öldum og engar vísbendingar um afbýli eða hjáleigur. Jörðin er því fulltrúi meðalbóndans, hvorki stórbýli né kot, og á henni er að finna alla helstu minjaflokka sem vænta má á bújörð í íslenskum dal. Engar heimildir eru til um Hafþórsstaði eldri en frá 17. öld og bókstaflega ekkert við hana sem getur talist óvenjulegt á neinn hátt. Helst er, að þó að búskapur væri á Hafþórsstöðum til 2002 hefur þar lítið verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum og varðveisla tófta, t.d. í túni, því með betra móti. Eins og víðar í Norðurárdal hefur nánast ekkert verið ræst fram á Hafþórsstöðum og eru nýræktir þar nær eingöngu á sléttum áreyrum sem hafa krafist lítillar jarðvinnu. Annað sem gerir Hafþórsstaði ekki endilega dæmigerða jörð er að enginn staðkunnugur var til viðtals þegar skráningin var gerð en á móti kemur að örnefnaskrár síðasta bóndans á Hafþórsstöðum, Guðmundar Skúlasonar, frá 1984 eru óvenju ítarlegar og þar skilmerkilega greint frá öllum fornleifum sem hann taldi sig vita um. Engu að síður er hér ekki hægt að leggja mat á vægi þess að hafa aðgang að staðkunnugum heimildamanni.

Athugunin var gerð þannig að annar höfunda (Gunnar) fór fyrst á vettvang (9. september 2020) og tók myndir með flygildi af ræmu meðfram Norðurá sem er um 500 m breið og nær frá Murulæk til merkja á móti Hóli, um 1,6 km. Stærð svæðisins miðaði við að ná utan um þann hluta jarðarinnar þar sem mest er um fornleifar, gamla túnið og næsta nágrenni þess. Því næst fór hinn skýrsluhöfundur (Orri) á vettvang (15.-16. september) og gerði hefðbundna fornleifaskráningu á sama svæði, án þess að hafa séð eða heyrt um niðurstöður myndatökunnar. Að því loknu skoðaði hann skýrslu Gunnars um loftmyndatökuna og fór aftur á vettvang til að ljúka skráningu á öðrum hlutum jarðarinnar og sannreyna greiningu Gunnars á myndgögnunum (1.-2. október). Skýrsla Gunnars um kortlagningu fornleifa með flygildi er í Viðauka 1 en hefðbundin fornleifaskrá eftir Orra er í Viðauka 2. Stöðum sem skráðir voru á grundvelli kortlagningar með flygildi var gefið hlaupandi númer sem þekkjast í eftirfarandi umfjöllun af því að þau hafa eitt eða tvö tölugildi en númer sem gefin voru við aðalskráningu hafa þrjú tölugildi, sem aftur er stytting á samtölu jarðarinnar þannig að 002 sama og MH-056:002 sem samsvarar 19 í kortlagningu með flygildi (sjá Töflu 1)

## Niðurstöður

Á grundvelli loftmyndatöku með fylgildi 9. september voru greindir 23 staðir. Af þeim voru 14 taldir greinilegir og 9 hugsanlegir. Við svæðisskráningu voru skráðar upplýsingar um 17 staði innan úttektarsvæðisins og þar voru skráðir með hefðbundnum aðferðum 26 staðir – 9 bættust við á vettvangi 15.-16. september. 3 staðir bættust við þegar gögn úr loftmyndatöku voru sannreynd 1. og 2. október og því eru samtals 29 fornleifastaðir innan úttektarsvæðisins.

Á aðeins tveimur fornleifastöðum á úttektarsvæðinu eru ekki sýnileg ummerki á yfirborði (Uxahóll 010 og Stekkjarnes 021) og eru því samtals 27 staðir með ummerkjum. Af þeim voru 15 greindir á grundvelli flygildismynda (þ.m.t. götur í Götudal sem ekki er gefið númer í Viðauka 1). Að einum undanskildum (rústasvæði 18) reyndust allir staðirnir sem taldir voru greinilegir vera fornleifar, en af þeim sem taldir voru hugsanlegir reyndist aðeins einn (varða 2 = varða 037) vera fornleifastaður. Þessi aðgreining í greinilega og hugsanlega fornleifastaði reyndist því hafa mjög mikið forspárgildi. Af stöðunum 15 eru a.m.k. 10 sem einnig sjást vel á venjulegum uppréttum loftmyndum (t.d. frá Loftmyndum á map.is, GoogleEarth og gömlum svarthvítum myndum frá Landmælingum).

Af stöðunum 12 sem ekki greindust á flygildismyndum eru tveir sem sjást þó greinilega á þeim (túngarður 009 og traðir 011) en ummerki af þessu tagi er erfitt að greina frá yngra raski. Ástæðan fyrir því að þessir staðir eru ekki greindir er því ekki að þeir sjáist ekki á myndunum heldur hafa þeir verið taldir vera yngri mannvirki. Hinir tíu er af ýmsu tagi: þar á meðal er bæjarhóllinn 001, a.m.k. tvær fremur skýrar tóftir (003 og 023), fjögur fremur óskýr mannvirki (heystæði 028 og 029, kantur 035 og dæld 027), tvær vörður (033 og 040) og grjóthlaðinn varnargarður 032. Þessum fornleifum má skipta í tvennt: annarsvegar eru mannvirki sem sjást greinilega á jörðu niðri en koma ekki svo skýrt fram á myndunum að hægt sé að greina þær. Vandinn liggur þá í gæðum gagnanna. Það getur verið spurning um upplausn – smágerð mannvirki eins og vörðutyppi er t.d. ekki hægt að sjá – en það getur líka legið í myndatökunni sjálfri og myndmælingunni. Útihústóftin 003 er t.d. skýr á jörðu niðri, svipuð að allri gerð og útihústóft 005 sem sést vel á myndgögnunum, en kemur of óskýrt út á myndunum til að hægt sé að greina hana rétt án frekari vísbendinga. Sama gæti átt við um tóft 023, sem er stakt aðhald fjarri öðrum í úthögum. Mögulega stafar þetta þó af því að athygli myndgreinandans beinist eðlilega frekar að þeim svæðum þar sem mikið er um fornleifar og erfiðara er að einbeita sér jafnskipulega að stórum svæðum þar sem lítið er að finna. Það væri þá samskonar takmörkun og verður við vettvangsskráningu þar sem aðeins er farið á þá staði sem vísbendingar liggja fyrir um. Hins vegar eru sum mannvirki svo óræð að jafnvel þó að ummerki um þau sjáist á myndunum er erfitt að greina þau frá náttúrumyndunum eða yngri mannvirkjum. Dæmi um þetta er kantur 035, sem er handgrafin vatnsrás með grjóthlöðnum kanti. Grjóthleðslan sést alls ekki ofan frá en rásina má hæglega telja náttúrulega og því hefur sá sem horfir eingöngu á myndirnar ekki forsendur til að greina hana sem mannvirki.

Þrír fornleifastaðir voru kortlagðir með flygildi sem ekki höfðu verið skráðir á vettvangi. Allir eru á sama svæði, á eyrunum niðri við Norðurá og skammt á milli þeirra. Einn er varða (2=037), lágreist en situr á melbrún og sker sig vel frá umhverfinu. Annar er líklegt heystæði (6=039) og sá þriðji er stekkur (4=022). Stekkjarins er raunar getið í

örnefnaskrá og hafði hann verið svæðisskráður en á vettvangi var önnur tóft (038), 50 m frá, skráð sem sá stekkur. Þetta er dæmi um það sem mætti kalla markvillu og er algeng mistök í fornleifaskráningu á vettvangi: skrásetjari leitar að fornleifastað samkvæmt vísbendingu og skráir það fyrsta sem hann finnur sem kemur nokkurn veginn heim og saman við lýsinguna og snýr aftur fullviss um að markinu hafi verið náð. Vissan veldur því að hann lætur undir höfuð leggjast að skoða nágrenni staðarins og getur þá sést yfir bæði staðinn sem vísbendingin átti við og enn aðra staði í kring. Vant skráningarfólk þekkir þessa villu og veit af reynslu að þar sem ein fornleif er geta iðulega verið fleiri en hættan á þessari villu eru þó alltaf fyrir hendi; þegar leitað er að stöðum á grundvelli vísbendinga er hætt við að tímaþröng valdi því að látið sé duga að finna stað sem vísbendingin getur átt við.

Níu staðir voru greindir sem fornleifar á grundvelli kortlagningar með flygildi sem ekki reyndust vera það þegar þeir voru athugaðir á jörðu niðri. Þessir staðir falla í tvo flokka: annarsvegar eru reglulegar náttúrumyndanir sem hafa form sem minna á mannvirki og hinsvegar eru mannaverk sem ekki teljast til fornleifa. Í fyrra flokkinn falla staðir 9, 11 og 23. 9 er hringlaga grjóthóll í mýri, 11 er toppmyndaður klapparhóll með sinukraga efst en 23 þúfnarimi með reglulegu flagi. Á stöðum 1, 3, 5, 17 og 18 var alls staðar rask, mismikið. 3 og 5 eru líklega staðir þar sem heyrúllur hafa verið geymdar og valdið gróðurbreytingum á melnum. 1, 17 og 18 eru sár eftir vinnuvélar sem hafa gróið og skilið eftir hærri gróður en í kring. Sá eini af þessum stöðum sem talinn var ‘greinilegur‘ (18) er vissulega mjög grunsamlegur og gætu þar vel verið mannvistarleifar undir sverði en það sem sést á yfirborði er án efa rask í tengslum við vegagerð á 20. öld. 7 var greint sem upphækkun og möguleg viðbygging við 6 en á vettvangi sást ekkert sem studdi þá túlkun.

| | |
|---|---|
| Staðir greindir eftir heimildum eingöngu | 2 |
| Staðir greindir eftir heimildum og á vettvangi | 15 |
| Staðir greindir á vettvangi eingöngu | 9 |
| Staðir greindir með flygildi eingöngu | 3 |
| Samtals | 29 |
| | |
| Staðir greindir á vettvangi og með flygildi | 15 |

Kortlagning með flygildi skilaði mjög merkilegum gögnum um götur (Mynd 6 í viðauka 1). Þar á meðal eru götur í Götudal sem einnig höfðu verið skráðar á vettvangi (008) en auk þess fleiri troðningar sem samanlagt gefa heildstæða mynd af því hvar leiðir manna og skepna lágu helst. Það er vel þekkt vandamál hversu illa aðferðfræði hefðbundinnar fornleifaskráningar nær utan um leiðir[17] en þessi aðferðafræði gefur möguleika á heildstæðri nálgun sem mikilvægt er að þróa áfram.

Samanburður á uppmælingum tófta sýnir að í 7 tilfellum var það sem teiknað er eins (4 grjótgarðar og 3 tóftir), en í sex tilfellum munar t.d. á fjölda hólfa sem sýndur er. Í þeim tilfellum er ekki alltaf auðsætt hvor túlkunin er betri lýsing á því sem sést á yfirborði. Þó er

[17] Kristborg Þórsdóttir, *Fornar leiðir á Íslandi. Tillaga að skilgreiningu, flokkun og skráningu*, MA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands.

ótvírætt að fjóshlaðan (19=002) er ekki tvískipt eins og sýnt er á Mynd 4 í Viðauka 1 og að tóftin á Fagurhóli (14=016) er tvískipt en ekki einföld eins og sýnt er á sömu mynd. Hinsvegar getur verið að tóftir 20=025 og 8=038 (á Mynd 3) séu túlkaðar nær réttu lagi af kortþekjunum. Ljóst er að hægt er að safna jafngóðum gögnum um tóftir með túlkun kortþekja en að erfitt myndi vera að tryggja að slík túlkun væri alltaf jafngóð eða betri en túlkun sem gerð er á jörðu niðri.

Samanburður á staðsetningargögnum sýnir að ekki er marktækur munur á hnitum sem safnað er á jörðu niðri eða með flygildi. Hvergi skeikar meira en tveimur tölugildum á síðasta staf.

## *Tímamælingar*

Hluti af rannsókninni sneri að því hversu langan tíma það tekur að afla gagna með hinum ólíku aðferðum til að hægt sé að meta hagkvæmni og mögulegar úrbætur á framkvæmd skráningar.

Tími við hefðbundna skráningu skiptist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| - Heimildasöfnun, svæðisskráning (öll jörðin) | 6 | |
| o 3/5 fyrir úttektarsvæði | | 3,5 |
| - Vettvangsskráning (öll jörðin) | 18,5 | |
| o Á úttektarsvæði | | 11 |
| - Innsláttur og frágangur texta og skráa (öll jörðin) | 9 | |
| o 3/5 fyrir úttektarsvæði | | 5,5 |
| - Hreinteikning og kortagerð (öll jörðin) | 20,5 | |
| o 4/5 fyrir útttektarsvæði | | 16,5 |
| Samtals klst | 54 | 36,5 |

Tími við kortlagningu með flygildi skiptist þannig

| | |
|---|---|
| - Undirbúningsvinna | 2,5 |
| - heildartími á vettvangi | 3 |
| - úrvinnsla | 2,5[18] |
| - túlkun gagna | 6 |
| - gerð korta fyrir skýrslu | 2 |
| - gerð texta fyrir skýrslu | 3 |
| Samtals klst | 19 |

Til viðbótar koma 2,5 klst á vettvangi við að sannreyna greiningar á stöðum sem ekki reyndust vera fornleifar.

Ekki er tekinn með tími í ferðir á staðinn enda er það mjög breytilegur þáttur en í raun tvöfaldaðist tími (4 klst) og kostnaður við kortlagningu með flygildi því í fyrstu tilraun sem gerð var til að fljúga á Hafþórsstöðum 13. júlí þurfti frá að hverfa vegna aðgangsharðra fugla.[19] Ljóst er enn fremur að sæta þurfti lagi til að mynda á degi þegar vindstyrkur var með minna móti og þyrfti að gera ráð fyrir töfum af því tagi við áætlanir um kortlagningu með flygildi sem hluta af reglulegri fornleifaskráningu.

Þar sem úttektarsvæðið nær yfir þann hluta jarðarinnar þar sem mest er um fornleifar bjagast myndin talsvert. Úttektarsvæðið er um 1/5 jarðarinnar en innan þess eru 29 af 49 þekktum fornleifastöðum. Af þeim 20 sem eru utan svæðisins eru aðeins tveir með byggingaleifum, ein leið, þrjú torfristu- og mógrafasvæði og 14 vörður. Kortlagning þessa svæðis með flygildi myndi taka fimm sinnum lengri tíma en líklega ekki skila sambærilegri aukningu í fjölda fornleifastaða. Miðað við reynsluna af úttektarsvæðinu er ólíklegt að margar af vörðunum yrðu greindar en líklegt að mun betri gögn fengjust um tóftaþyrpingarnar tvær (sel 015 og tóftir 016) og mögulegt að fleiri mannvirkjaleifar myndu greinast, bæði á þeim stöðum og annarsstaðar. Flygildismyndir myndu einnig sýna þjóðleiðina á Götási vel. Þá er mögulegt að skýrari ummerki um mógrafirnar (síður torfristuna) myndu sjást á flygildismyndum heldur en á jörðu niðri.

## *Samantekt – kostir og gallar*

Auðsætt er að báðar aðferðir hafa kosti og galla og fylgir hér yfirlit um þá helstu

Kostir hefðbundinnar skráningar:
- safnar vísbendingum um fornleifar sem sjást ekki á yfirborði
- safnar vísbendingum og upplýsingum um fornleifar frá heimildamönnum
- skráir skilgreinanlegt mengi fornleifastaða – forsendur þess og takmarkanir þess eru vel þekktar
- getur greint ýmiskonar óskýr ummerki sem sjást ekki á loftmyndum
- samstæð greining á ástandi fornleifastaða

Ókostir hefðbundinnar skráningar
- missir af óþekkjanlegum fjölda fornleifastaða
- tímafrek bæði á vettvangi og við úrvinnslu
- ljósmyndagögn koma að takmörkuðum notum

[18] Tölvan sem notuð var er komin til ára sinna, en með sprækara tæki má vinna myndirnar allt að þrisvar sinnum hraðar.
[19] Fuglalíf getur verið veruleg hindrun fyrir myndatöku með flygildi, sérílagi á varptíma, en áhrifin fara líka eftir hvaða fuglategundir eru á viðkomandi svæði. Spóar eru t.d. þekktir fyrir að ráðast á flygildi og geta kallað á liðsauka frá öðrum óðulum og þannig gert aðflug að flygildum í stórum hópum. Ólíkt tjöldum eru þeir hinsvegar taldir geta vanist flygildum þar sem þeim er mikið flogið.

Kostir kortlagningar með flygildi

- heildstæð greining á því svæði sem myndað er
- Eykur líkur á að greina fornleifar sem vísbendingar eru ekki tiltækar um
- Aflar nákvæmra kortagagna sem sýna samhengi fornleifastaða
- Aflar nákvæmra kortgagna sem nýtast til frambúðar
- Hlutfallslega skammur tími á vettvangi
- Hlutfallslega skammur tími í frágang og úrvinnslu

Ókostir kortlagningar með flygildi

- Greinir ekki fornleifar sem sjást ekki á yfirboði
- Vandasamt að greina fornleifar frá öðrum ummerkjum
- Verður ekki alltaf komið við – er háð veðurskilyrðum og fleiri aðstæðum
- Verður að sannreyna túlkun á jörðu niðri

Að auki má draga saman hverskonar fornleifar líklegra er að greina með hvorri aðferðinni:

Minjar sem sjást betur á jörðu niðri

- Vörður, sérstaklega smáar og fallnar vörður
- Minjar sem sjást aðeins í lóðréttu sniði
- Minjar þar sem þarf að reiða sig á skilningarvitin, t.d. yfirgróin steinhleðsla sem sést ekki á hæðalíkani.

Minjar sem sjást betur á kortaþekjum

- Minjar undir lyngi og í þýfi þar sem erfitt er að greina mynstur á jörðu niðri
- Minjar á óaðgengilegum svæðum, t.d á eyjum/hólmum, við kletta, stórgrýti o.s.frv.
- Leiðir, sérstaklega smærri leiðir og kerfi þeirra, sem tæki langan tíma að rekja fótgangandi

## *Tillögur*

Rannsókn okkar sýnir að aðferðirnar bæta hver aðra upp en að lítið vit væri í að beita hvorri fyrir sig óbreyttri eins og hér var gert til að draga fram muninn. Einsætt er að finna verði leiðir til að sameina kosti aðferðanna án þess að það leiði til umtalsverðs aukakostnaðar eða að slá þurfi af kröfum.

Þótt kortaþekjurnar geti nýst vel sem sjálfstæð heimild er ljóst að ritheimildir myndu hjálpa mikið til við túlkun kortaþekjanna. Nokkrir minjastaðir eru t.a.m. sjáanlegir á þekjunum en voru ekki teknir upp við greiningu. Líklegt er að flestir hefðu verið skráðir ef vísbendingar úr heimildum hefðu verið hafðar til hliðsjónar. Það myndi ekki bara koma að gagni til að ákvarða hvar ætti að leita eftir ummerkjum, heldur einnig til að ákvarða hvernig best er að skipuleggja flug flygildisins.

Næsta skref væri því að gera samskonar tilraun með þeim mun að heimildaskráning væri tiltæk báðum skráningarmönnum, bæði þeim sem skráir með hefðbundnum aðferðum og

hinum sem skráir með flygildi. Einnig er mikilvægt að fylgt sé sömu skráningarstöðlum til að samanburðurinn verði sem skýrastur.

Þá væri mikilsvert að gera tilraunir með upplausn kortaþekjanna og kanna hvort að tiltekinn minjastaður, t.d. vörðubrot, sé sjáanlegur aðeins í 2sm/pix upplausn fremur en í 3sm/pix, eða 4-6sm/pix. Markmiðið væri að meta hversu lága upplausn er hægt að komast upp með áður en minjar verða alveg ósýnilegar. Því hærra sem flogið er, þeim mun stærra svæði er hægt að myndmæla en hækkunun verður á kostnað upplausnar.

Ljóst er að greining kortaþekjanna er lykilatriði. Hún myndi áreiðanlega batna ef heimildir væru hafðar til hliðsjónar en mestu máli skiptir þó að greining á þeim stöðum sem ekki eru neinar aðrar vísbendingar um sé markviss. Meginkostur myndmælingar er að með henni geta uppgötvast staðir sem annars myndu ekki finnast en ef margir staðir eru greindir sem svo reynast ekki vera fornleifar þá getur kostnaður aukist umtalsvert. Þjálfun greinandans skiptir miklu máli og er einsýnt að reynsla af fornleifaskráningu og þekking á staðháttum skipti þar mestu máli. Til að gera þjálfun markvissari væri gagnlegt að leggja sömu kortþekjur fyrir fólk með mismikla reynslu og staðþekkingu til að greina hverskonar ummerki á myndunum fara helst fram hjá greinendum.

Ljóst er að kostnaður er helsti þröskuldurinn. Ef nóg væri fjármagnið og tíminn þá mætti einfaldlega byrja á því að myndmæla skráningarsvæðið og gera síðan hefðbundna skráningu. Einhver samlegðaráhrif yrðu með því móti og má t.d. ætla að auðveldara væri að útiloka ýmis svæði sem annars þyrfti að eyða tíma í að ganga um og líklega mætti einnig spara tíma við teikningar á rústum, en í aðalatriðum fælist í þessu umtalsverður kostnaðarauki. Miðað við reynsluna af þessu verkefni yrði hann ekki minni en 50%.

Gera þarf tilraun með að gera myndmælingu og skrá með hefðbundinni aðferð í sömu vettvangsferð. Líklegast er að hægt verði að ná niður kostnaði þar sem fleiri en einn skráningarmaður eru hvort sem er að skrá stórt samliggjandi svæði með mörgum jörðum. Þar sem þannig háttar til getur einn byrjað á að mynda þá hluta svæðisins þar sem heimildir benda til að fornleifar sé að finna og greint myndgögnin á meðan hinn tekur viðtöl við heimildamenn og/eða byrjar að skrá svæði þar sem minnstar líkur eru á að myndgreiningin varpi nýju ljósi, t.d. bæjarstæði og sléttuð tún. Ýmiskonar aðstæður, t.d. ferðakostnaður við að komast á skráningarsvæði, hversu víðfeðmt það er, aðgangur að rafmagni og fleira, getur haft áhrif á útkomuna og því líklegt að prófa þurfi nokkrar mismunandi samsetningar (t.d. 10 jarðir á þéttbýlu láglendissvæði nálægt miðstöð sem gert er út frá, 10 jarðir á dreifbýlu svæði í hálendisjaðri eða á annnesjum, 2 jarðir á þéttbýlu láglendissvæði o.s.fr.v.).

Þá væri vert að gera tilraun með myndmælingu á svæði sem þegar hefur verið aðalskráð t.d. ef fyrir dyrum stendur endurskoðun á gamalli skráningu. Myndmælingin myndi mögulega duga til að leggja mat á afdrif og ástand þegar skráðra minjastaða og gæti enn fremur leitt til þess að áður óskráðir staðir fyndust.

Ein nálgun gæti verið að líta á myndmælingu sem sjálfsagaðan undanfara vettvangsskráningar, í raun hluta af þeirri heimildakönnun sem fylgir undirbúningi hefðbundinnar vettvangsskráningar. Í því samhengi væri vert að bera saman kosti og galla kortþekja sem aflað er með flygildi og kortþekja í hárri upplausn sem afla má með öðrum hætti, t.d. lidar-gögn sem í vaxandi mæli eru tiltæk og munu verða útbreiddari í fyrirsjáanlegri framtíð.

Viðauki 1

# Kortlagning minja og leiða á Hafþórsstöðum með flygildi

Gunnar Grímsson

Háskóli Íslands

Rannsóknastofa í fornleifafræði

September 2020

## *Samantekt*

Í þessari skýrslu er greint frá kortlagningu minja og leiða á Hafþórsstöðum í Norðurárdal sem fór fram í byrjun september 2020. Ljósmyndir teknar úr flygildi voru notaðar til að gera samsetta loftmynd og hæðarlíkan yfir um 1,3 $km^2$ svæði. Fornminjar og búsetuminjar frá fyrri hluta 20. aldar voru alfarið skráðar út frá kortunum í landupplýsingakerfum og ekkert var skráð á vettvangi. Alls voru 23 minjar og hugsanlegar minjar skráðar. Leiðir og slóðar voru einnig teiknaðar upp út frá loftmynd og hæðarlíkani.

Efnisyfirlit


**SAMANTEKT ............ 17**

**1. INNGANGUR ............ 20**

**2. AÐFERÐIR ............ 20**

2.1. Tæknilegar upplýsingar ............ 20

2.2. Skráning minja ............ 22

2.3. Skráning leiða ............ 22

2.4. Fylgigögn þessarar greinargerðar ............ 22

**3. NIÐURSTÖÐUR ............ 23**

3.1. Fornleifar og menningarminjar ............ 23

3.1.1. Minjar vestan Hafþórsstaða ............ 23

3.1.2. Minjar við bæjarstæði Hafþórsstaða ............ 24

3.2. Kortlagning leiða ............ 28

**VIÐAUKI 1: TÍMASKÝRSLA ............ 29**

**VIÐAUKI 2: HNITASKRÁ (ISN93) ............ 30**


## Myndaskrá


Mynd 1: Samsett loftmynd og hæðarlíkan af Hafþórsstöðum. ............ 21

Mynd 2: Yfirlit skráðra minja ............ 23

Mynd 3: Minjar nr. 1–9 vestan bæjarstæðis Hafþórsstaða. ............ 25

Mynd 4: Minjar nr. 10–22 við bæjarstæði Hafþórsstaða. ............ 26

Mynd 5: Minjar nr. 23 austan bæjarstæðis Hafþórsstaða ............ 27

Mynd 6: Kortlagðar leiða á Hafþórsstöðum. ............ 28


## Töfluskrá


Tafla 1: Tæknilegar upplýsingar ............ 20

Tafla 2: Flokkun skráðra minja ............ 22

Tafla 3: hafthorsstadir_minjar_leidir.gpkg ....... 22
Tafla 4: Fjöldi skráðra minja ....... 23

# 1. Inngangur

Tilgangur þessa verkefnis er að kortleggja fornleifar á Hafþórsstöðum í Norðurárdal með flygildi. Kortlagt svæði er um fimmtungur af landi Hafþórsstaða og nær yfir mestallt undirlendi jarðarinnar meðfram Norðurá, þ.á.m. bæjarstæði Hafþórsstaða. Gagnasöfnun á vettvangi fór fram 9. september 2020 og voru myndir flygildisins unnar í samsetta loftmynd og hæðarlíkan samdægurs.

# 2. Aðferðir

## 2.1. Tæknilegar upplýsingar

Flygildið sem hér um ræðir er af gerðinni *Matrice 210* frá framleiðandanum *DJI* sem er útbúið 20 megapixla ljósmyndavél (*Zenmuse X4S*). Alls var 1,3 $km^2$ svæði kortlagt með 697 ljósmyndum (**Tafla 1**). Flygildið var látið fljúga sjálfvirkt og kerfisbundið yfir svæðið með notkun *UGCS* hugbúnaðarins. Flughæð yfir jörðu var ávallt 110 metrar og var flug lækkað og hækkað sjálfvirkt til að koma til móts við hæðarbreytingar í landslaginu. Flughraði var 8 m/s og teknar ljósmyndir voru látnar skarast á 70% á öllum hliðum.

Ljósmyndir eru unnar í nothæf kort með notkun myndmælinga (e. *photogrammetry*) í sérstökum forritum, sem finna sameiginleg einkenni á myndunum og sameina þær í þrívítt, stafrænt umhverfi þar sem gerð er grein fyrir hvers kyns hæðarbreytingum í landslaginu. Það er síðan unnið í samsetta loftmynd (e. *orthomosaic*) og hæðarlíkan (e. *digital surface model*) en gildi hvers mynddíls í því síðarnefnda geymir hæðargildi. Ljósmyndirnar voru unnar í kort með *Agisoft Metashape*. Hver mynd er með innbyggt GPS-hnit og voru þau notuð til að hnitsetja kortin. Öll kort voru hnitsett í ISN93-hnitakerfinu. Fastpunktar voru ekki teknir á jörðu niðri og því má ætla að skekkjumörk hnitsetningar séu um tveir metrar. Alls tók um 14 klst fyrir hugbúnaðinn að vinna kortin og var það gert að mestu sjálfvirkt.

**TAFLA 1: TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR**

| | |
|---|---|
| Flygildi | DJI Matrice 210 |
| Myndavél | Zenmuse X4S, 20 megapixlar |
| Flugforrit | UGCS |
| Fjöldi mynda | 697 |
| Flughæð yfir jörðu | 110 m |
| Skörun mynda | 70% |
| Úrvinnsluforrit | Agisoft Metashape Professional Edition |
| Afurðir | Samsett loftmynd (e. *orthomosaic*)<br>Hæðarlíkan (e. *digital elevation model*) |
| Hnitakerfi | ISN93 |

| | |
|---|---|
| Upplausn | 3,08 sm/pix |
| Flatarmál | um 1,3 km2 |
| Skekkjumörk | 2 m |




MYND 1: SAMSETT LOFTMYND OG HÆÐARLÍKAN AF HAFÞÓRSSTÖÐUM.

## 2.2. Skráning minja

Skráning minja fór alfarið fram í landupplýsingakerfum og engar minjar voru skoðaðar á vettvangi. Samsett loftmynd og hæðarlíkan voru notuð til skráningar á minjum í QGIS-landupplýsingakerfinu. Hæðarlíkanið var stillt sem hæðarskyggna (e. *hillshade*) en hæðarskyggnur gera ítarlega grein fyrir hæðarbreytingum í landslaginu og framleiða skugga, sem hægt er að stilla að vild og auðvelda leit að minjum. Þar sem ritheimildir voru ekki hafðar til hliðsjónar er þessi fornleifaskráning ekki heildstæð og gerir m.a. ekki grein fyrir minjum sem hafa þurft að víkja fyrir túnrækt eða minjum tengdum þjóðsögum, líkt og álagablettum.

Við skráningu minja var 100 x 100 metra rúðunet lagt yfir kortaþekjurnar í QGIS og var einn 100 x 100 m reitur tekinn fyrir í einu kerfisbundið í leit að minjum. Þetta tryggði heildstæðari skráningu en ef skimað hefði verið frjálst yfir kortin. Þessi skimun var gerð tvisvar sinnum. Skráðar minjar voru flokkaðar eftir gerð (fornleifar eða menningarminjar) og líkindum (greinilegar eða hugsanlegar minjar) (**Tafla 2**).

**TAFLA 2: FLOKKUN SKRÁÐRA MINJA**

| FLOKKUR | LÝSING |
|---|---|
| **ID** | Númer minjanna (*1-23*) |
| **GERÐ** | A. Fornleifar (*mannvirki yfir 100 ára*)<br>B. Menningarminjar (*mannvirki undir 100 ára*) |
| **LÍKINDI** | A. Greinilegt (*miklar eða allar líkur á að um fornleifar er að ræða*)<br>B. Hugsanlegt (*þar sem grunur er um minjar en ekki er hægt að ákvarða með vissu*) |
| **TÚLKUN** | Túlkun á eðli og/eða hlutverki minjanna |

## 2.3. Skráning leiða

Greinilegar leiðir sáust á kortaþekjunum við skráningu minja. Þar sem leiðir teljast til fornleifa var ákveðið að skrá þær til viðbótar við fornar mannvirkjarústir, þótt ekki hafi sérstaklega verið beðið um það í verkefnalýsingu. 150 x 150 metra rúðunet var lagt yfir kortaþekjurnar í QGIS og var einn reitur tekinn fyrir í einu, líkt og gert var með minjarnar. Leiðir voru skráðar sem línur og að jafnaði voru að hámarki fimm leiðir skráðar innan hvers reits til einföldunar. Ekki var gerður greinarmunur á eiginlegum leiðum og kindagötum.

## 2.4. Fylgigögn þessarar greinargerðar

Ásamt kortunum fylgir GeoPackage-skráin *hafthorsstadir_minjar_leidir.gpkg* þessari greinargerð. Hún er hnitsett í ISN93-hnitakerfinu og opnast í QGIS eða öðrum landupplýsingakerfum. Innan hennar eru fjórar mismunandi undirskrár (**Tafla 3**) og geymir hver þeirra mismunandi upplýsingar.

**TAFLA 3: HAFTHORSSTADIR_MINJAR_LEIDIR.GPKG**

| UNDIRSKRÁ | GERÐ | LÝSING |
|---|---|---|
| **HAFTHORSSTADIR_MINJAR_POLYGON** | *MultiPolygon* | Útlínur minjanna |
| **HAFTHORSSTADIR_MINJAR_PO** | *Point* | Miðpunktur (e. *centroid*) minjanna ásamt hnitum |

| | | |
|---|---|---|
| **INT** | | |
| **HAFTHORSSTADIR_LEIDIR** | *Line* | Uppdráttur leiða |
| **HAFTHORSSTADIR_MORK** | *Polygon* | Mörk kortlagðs svæðis |

# 3. Niðurstöður

## *3.1. Fornleifar og menningarminjar*

Alls voru minjar undir 24 númerum skráðar á Hafþórsstöðum. Staðsetningar þeirra eru sýndar á **Mynd 2**. Hnitaskrá er að finna aftast í greinargerðinni í viðauka á **bls. 30**.

**TAFLA 4: FJÖLDI SKRÁÐRA MINJA**

| | Greinilegt | Hugsanlegt |
|---|---|---|
| Fornleifar | 10 | 9 |
| Menningarminjar | 4 | 0 |




**MYND 2: YFIRLIT SKRÁÐRA MINJA**

### *3.1.1. Minjar vestan Hafþórsstaða*

Níu minjar sáust vestan bæjarstæðis Hafþórsstaða og eru þær allar túlkaðar sem fornleifar (**Mynd 3**). Þar af voru þrjár taldar greinilegar en sex hugsanlegar. Suðvestan undir lágri hæð er **(1)** aflöng,

rétthyrnd upphækkun, um 18,5 x 6,5 m að flatarmáli, sem minnir á útlínur mannvirkis en nánari athugun, t.d. með borkjarnasýni, þarf til að úrskurða það. Tæpum 90 m norðaustan upphækkunarinnar, ofan á hæðinni, er **(2)** hugsanleg varða eða vörðubrot.

Tæpum 200 metrum norðaustan vörðunar hugsanlegu eru sex minjanúmer. Minjar nr. **(3)** og **(5)** eru hvorartveggja álitnar hugsanlegar en þær eru litlir, grónir blettir ofan á malarkambi sem svipa til útlína lítilla mannvirkja. Um 20 m austan (5) er **(6)** aflöng, rétthyrnd og greinileg tóft, sem er um 10 x 4 m að flatarmáli og gæti hafa verið beitarhús. Við norðvesturhorn tóftarinnar er **(7)** ógreinileg, nær ferhyrnd upphækkun, 4 x 3,5 m, sem gæti verið hugsanleg smátóft eða viðbygging á meintu beitarhúsi. Suður undir malarkambinum eru þá greinilegar útlínur **(4)** tvískiptrar tóftar, sem er um 11,5 x 6 m að flatarmáli. Vestara rýmið er u.þ.b. 7 x 3 m að innanmáli en það eystra um 2 x 4,5 og snýr langhlið þess hornrétt á það vestara. Tæpum 30 m austar eru minjar nr **(8)** sem eru taldar vera greinilegt rústasvæði, allt að 16x5 x 11 m að flatarmáli. Erfiðara er þó að segja til um herbergjaskipan.

Um 430 m SSA af (8) eru útlínur **(9)** hugsanlegrar smátóftar vestan við lítinn klett. Uppdráttur hennar er um 7,5 x 6,5 m að stærð en mögulega gætu þarna leynst fleiri tóftir.

*3.1.2. Minjar við bæjarstæði Hafþórsstaða*

Umhverfis bæinn á Hafþórsstöðum eru skráðar níu fornleifar og fjórar menningarminjar (**Mynd 4**). Suðvestan bæjarins eru greinilegar leifar **(10)** túngarðs, sem er slitróttur á köflum en mælist um 250 m að lengd í heildina. Rétt utan SV-horns túngarðsins er **(11)** hugsanleg smátóft, um 4 x 3 m að stærð. Um 120 m NA hennar eru greinilegar rústir **(12)** fjárhúss, sem er flokkað til menningarminja þar sem það gæti verið frá fyrri- eða miðhluta 20. aldar. Um 50 m SV fjárhússins eru fornlegri rústir **(13)** smátóftar, 7 x 5 m að stærð.

Um 60 m norðan (12) eru **(14)** fornar mannvirkjarústir, um 13,5 x 6,5 m að stærð. Mögulega hefur hér verið einhvers konar útihús. Tæpum 60 metrum vestan þess eru þá leifar **(15)** aðhalds eða réttar, sem hefur verið reist upp við lága hæð. Lítill **(16)** grjótgarður liggur norður frá aðhaldinu og mælist um 72 m að lengd. Mögulega hefur hann verið lengri áður. Um 75 m NNV norðurenda garðsins er **(17)** hugsanleg smátóft, 7,5 x 4,5 m að stærð.

Norðan bæjarins, rétt vestan afleggjarans að bænum, er **(18)** rústasvæði sem gæti verið allt að 27 x 14 m að stærð. Erfitt er að greina herbergjaskipan en þarna gæti verið fleiri en eitt mannvirki.

Um 30 m sunnan íbúðarhússins á Hafþórsstöðum eru leifar **(19)** tvískipts mannvirkis, sem er líklega frá 20. öld og er því flokkað sem menningarminjar. Um 50 m norðaustar, undir hæðinni sem íbúðarhúsið stendur á, er lítill hóll með **(20)** þrískiptri tóft, sem virðist vera frá 20. öld og er því flokkuð sem menningarminjar. Líklega hefur þetta verið útihús en bæði (19) og (20) virðast vera reistar ofan á eldri mannvirkjum.

Um 85 m austan þrískiptu tóftarinnar er **(21)** rétt, að hluta til úr grjóti og timbri og flokkast til menningarminja, þar sem hún virðist hafa verið notuð fram eftir 20. öld. Upp við hana liggur **(22)** grjótgarður, sem er um 85 m að lengd. Líklega er þetta hluti af gamla túngarði bæjarins.

Að lokum er **(23)** hugsanleg tóft um 500 m ANA íbúðarhússins á Hafþórsstöðum (**Mynd 5**). Hún virðist tvískipt og um 14,5 x 5 m að stærð. Frekari athugana er þörf til að meta hvort um sé að ræða fornleifar.




**Mynd 3: Minjar nr. 1–9 vestan bæjarstæðis Hafþórsstaða.**




MYND 4: MINJAR NR. 10–22 VIÐ BÆJARSTÆÐI HAFÞÓRSSTAÐA.




MYND 5: MINJAR NR. 23 AUSTAN BÆJARSTÆÐIS HAFÞÓRSSTAÐA

## *3.2. Kortlagning leiða*

Alls voru 158 línur teiknaðar við kortlagningu leiða á landi Hafþórsstaða. Eiginlegar leiðir eru þó öllu færri þar sem hver leið getur verið samsett úr mörgum línum. Niðurstöður eru sýndar á **Mynd 6**. Þar má sjá mjög greinilegar leiðir suðvestan Hafþórsstaða og líklega eru þær gamlar reiðleiðir. Einnig má þó greina leiðir eða slóða, sem virðast liggja á milli bæjarins og minjanna vestan Hafþórsstaða. Engar leiðir sjást hins vegar þar sem túnrækt og -sléttun hefur átt sér stað.




**MYND 6: KORTLAGNING LEIÐA Á HAFÞÓRSSTÖÐUM.**

# Viðauki 1: tímaskýrsla

| VINNA | SKILGREINING | | TÍMI (KLST) |
|---|---|---|---|
| **UNDIRBÚNINGSVINNA** | *Undirbúningur vettvangsvinnu* | | *2,5* |
| | | **Samtals:** | **2,5** |
| **VETTVANGSFERÐ** | *Keyrsla fram og til baka* | | *4* |
| ***(9. SEPTEMBER 2020)*** | *Heildartími á vettvangi* | | *3* |
| | | **Samtals:** | **7** |
| **ÚRVINNSLA** | *Frágangur gagna og búnaðar* | | *1* |
| | *Kortagerð*[20] | | *1,5* |
| | | **Samtals:** | **2,5** |
| **TÚLKUN GAGNA** | *Skráning minja* | | *3* |
| | *Skráning leiða* | | *1* |
| | *Yfirfarning skráningar og lagfæringar* | | *2* |
| | | **Samtals:** | **6** |
| **FRÁGANGUR** | *Gerð korta fyrir skýrslu* | | *2* |
| | *Skýrslugerð* | | *3* |
| | | **Samtals:** | **5** |
| | | **Samtals alls:** | **23 klst** |

[20] Þ.e.a.s. sá tími sem var varið var við tölvuna. Kortagerðarferlið tók um 14 klst en það var að mestu sjálfvirkt.

# Viðauki 2: hnitaskrá (ISN93)

| NR. | GERÐ | LÍKINDI | LENGD (M) | BREIDD (M) | TÚLKUN | X | Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Fornleifar | Hugsanlegt | 18.5 | 6.5 | Hugsanleg bygging | 385709 | 481140 |
| 2 | Fornleifar | Hugsanlegt | 1 | 1 | Hugsanleg varða | 385771 | 481209 |
| 3 | Fornleifar | Hugsanlegt | 4.5 | 4 | Hugsanleg smátóft | 385880 | 481330 |
| 4 | Fornleifar | Greinilegt | 11.5 | 6 | Tvískipt tóft | 385901 | 481304 |
| 5 | Fornleifar | Hugsanlegt | 7.5 | 4 | Hugsanlegar tóftir | 385929 | 481332 |
| 6 | Fornleifar | Greinilegt | 10 | 4 | Rétthyrnd tóft | 385949 | 481352 |
| 7 | Fornleifar | Hugsanlegt | 4 | 3.5 | Hugsanleg smátóft | 385947 | 481356 |
| 8 | Fornleifar | Greinilegt | 16.5 | 11 | Rústasvæði | 385953 | 481275 |
| 9 | Fornleifar | Hugsanlegt | 7.5 | 6.5 | Hugsanleg smátóft | 386071 | 480861 |
| 10 | Fornleifar | Greinilegt | 248 | 1 | Túngarður | 386521 | 481124 |
| 11 | Fornleifar | Hugsanlegt | 4 | 3 | Hugsanleg smátóft | 386565 | 481046 |
| 12 | Menningarminjar | Greinilegt | 17.5 | 14.5 | Útihús | 386667 | 481111 |
| 13 | Fornleifar | Greinilegt | 7.5 | 5 | Útihús | 386622 | 481075 |
| 14 | Fornleifar | Greinilegt | 13.5 | 6.5 | Útihús | 386690 | 481177 |
| 15 | Fornleifar | Greinilegt | 14 | 6.5 | Rétt | 386622 | 481171 |
| 16 | Fornleifar | Greinilegt | 72 | 1 | Grjótgarður | 386617 | 481209 |
| 17 | Fornleifar | Hugsanlegt | 7.5 | 4.5 | Hugsanlegt útihús | 386595 | 481313 |
| 18 | Fornleifar | Greinilegt | 27 | 14 | Rústasvæði | 386754 | 481421 |
| 19 | Menningarminjar | Greinilegt | 11.5 | 6.5 | Bygging | 386783 | 481214 |
| 20 | Menningarminjar | Greinilegt | 16 | 6.5 | Útihús | 386834 | 481241 |
| 21 | Menningarminjar | Greinilegt | 12 | 10 | Rétt | 386913 | 481259 |
| 22 | Fornleifar | Greinilegt | 85 | 1 | Túngarður | 386893 | 481193 |
| 23 | Fornleifar | Hugsanlegt | 14.5 | 5 | Hugsanleg tvískipt tóft | 387263 | 481401 |

Viðauki 2

# Fornleifaskrá Hafþórsstaða

Orri Vésteinsson

## *Inngangur*

Hefðbundin fornleifaskráning á Hafþórsstöðum fór þannig fram að fyrst var gerð svæðisskráning – heimildakönnun – fyrir jörðina og voru þá skráðar upplýsingar um 35 minjastaði. Þar á meðal er ein varða á merkjum á móti Skarðshömrum sem hafði verið skráð í aðalskráningu þeirrar jarðar árið 2008 (MH-057:025, hér MH-056:041). Aðalskráning fór fram dagana 14. og 15. september 2020 og var þá einkum skráð í heimatúni og á láglendi meðfram Norðurá – sama svæðið og skráð hafði verið með flygildi 9. september. Þegar niðurstöður könnunar með fylgildi lágu fyrir var farið aftur á staðinn og skráningarnar bornar saman á vettvangi auk þess sem fornleifar ofar i hálsinum voru skráðar. Þessi seinni skráningarlota fór fram 1. og 2. október 2020. Samtals voru skráðir 49 fornleifastaðir á jörðinni. Skráð var með handheldu GPS tæki (Trimble Geoexplorer 6000), allar sýnilegar rústir mældar upp með tækinu auk þess sem teikningar voru gerðar af einstökum atriðum, og ljósmyndir teknar af öllum stöðum.

Skráninguna gerði Orri Vésteinsson en Lilja Laufey Davíðsdóttir fornleifafræðingur á Fornleifastofnun Íslands gerði kort og gekk frá teikningum af rústum fyrir þessa skýrslu.




Mynd 1. Fornleifar á Hafþórsstöðum í Norðurárdal. Skráðar minjar í túni eru skýrðar á Mynd 3.

## MH-056 Hafþórsstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. Fyrst getið í jarðabókum frá lokum 17. aldar. "Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ekki tíðir veittar í manna minni". JÁM IV, 297. "Áður fyrr áttu Hafþórsstaðir engjastykki, Tunguengi, sem er norðan Deseyjarkvíslar, en það var selt og tilheyrir nú Hreimsstöðum. Sanddalstunga er nýtt frá Hafþórsstöðum. … Hafþórsstaðir eiga upprekstur á Hellistungur." - BB III, 94.
Tún 1917: 3,8 ha; 1/6 þýft, Garðar 240 m2.
1708: "Kvaðir öngvar. Geldfjárrekstur ut Skarðshamar. Torfrista og stúnga er lök. Engi er árliga tilkeypt v aura leigu, það er afdeilt pláts fyrir vestan Norðurá, fylgir öngri jörðu, og helmingur þess pláts, sem kallast Túnguengi. Eldivið allan þarf að kaupa. Vatnsból bregst um vetur og er þá meinerfitt." JÁM IV, 297.
"Undirlendi er lítið, mestmegnis melar og móar með graslautum hér og þar. Nokkrar valllendisfitjar eru við Norðurá. Talsvert af þessu landi hefur nú verið ræktað, annars eru möguleikar til túnræktunar fremur litlir. Allstórt land eiga Hafþórsstaðir a Grjóthálsi. Er landslag þar mestmegnis valllendisbrekkur og mýrasund milli klettastalla." BB III, 297.




Mynd 2. Túnakort Hafþórsstaða frá 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mynd 3. Fornleifar í túni Hafþórsstaða og næsta nágrenni þess. Mörk túnsins eins og þau voru mæld 1917 eru sett inn á loftmyndina.




Mynd 4. Bæjarhóllinn á Hafþórsstöðum ásamt skráðum minjastöðum á honum eða í næsta nágrenni hans.

**MH-056:001** *Hafþórsstaðir* bæjarhóll bústaður 386767 481208

"Upp af Uxahól var kargaþýfður hóll, er bærinn stóð á. Hann heitir Bæjarhóll." segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn er efst í gamla túninu, á norðvesturbakka Bæjargils. Norðausturendi hans (með 002) er um 20 m suður af suðurhorni núverandi íbúðarhúss. Gamall trjágarður er á suðvesturenda gamla bæjarstæðisins.

Sléttað tún að norðan og vestan, hlað liggur upp að bæjarstæðinu að norðaustan en að suðaustan er brött brekka niður í Bæjargilið.

Á túnakorti er sýndur “Bær ofl”, “tótt” við norðvesturhorn hans og fjós vestan við bæinn og er mjótt sund á milli. "Íbúðarhúsið er nú norðar eða á norðurenda Bæjarhóls .... Skammt frá húsinu í suðurátt stóð gamli bærinn. Þar stóð ekkert hús uppi þegar við komum [1968]. En rústir af fjósi og hlöðu voru eftir og eins af skemmu. Uppúr skemmunni og fjósinu er búið að byggja upp nýja moldarkofa, en hlöðurústin er eins og þegar við komum og er á þeim stað þar sem haldið hefur verið að bænhúsið hafi staðið á sínum tíma. En á þessu svæði, það er að segja suðausturhluti bæjarhólsins sem næstur er gilinu, er víðáttumikið rústasvæði sem er sums staðar mjög djúpt, víðast hvar yfir metri. Íbúðarhúsið er byggt fyrir utan þetta svæði en það er skammt frá því ... En á undan íbúðarhúsinu sem er steinsteypt, byggt 1937 var baðstofa sem byggð var þannig að eldhús var í öðrum endanum en baðstofan var í hinum endanum ... rétt eftir 1920 stóð mjög gamall torfbær frá 19. öld sem var með hefðbundnu sniði þess tíma. Hann var með 3 bustum, baðstofa til vinstri þegar gengið var inn og göngin í miðju



Mynd 5. Bæjarhóllinn á Hafþórsstöðum 001 úr VSV. Syðst á hólnum er trjágarður en bak við hann glittir í þrjár kofaburstir sem byggðar eru á tóftum síðasta torfbæjarins.

og hinum megin við þau framstofa en baka til við hana eldhús og búr. Stafnar sneru undan hliðinni (eða hálsinum) til norðvesturs. Svona hef ég heyrt eldra fólk lýsa honum sem var þessum gamla bæ kunnugt." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Á hólnum er nú gamla hlöðutóftin (sjá 002) norðaustast og í röð suðvestur frá henni eru þrír kofar með grjóthlöðnum veggjum að hluta, að hluta steyptum og timburþil á þeim sem snúa til NNV. Bárujárn er á þökum og þar ofan á hefur verið lagt torf, amk á miðbustina, sem nú er að mestu farið af. Grjóthleðslurnar eru víða sprungnar og að hluta til hrundar. Kofarnir eru allir opnir fyrir veðri og vindum, sá norðaustasti og stærsti verst farinn, suðausturgafl hans alveg hruninn. Norðausturlangveggur suðvestasta kofans hefur verið úr torfi og þar garði innan við, hvorttveggja hrunið. Grjóthleðsla í vesturhorni þessa kofa einnig hrunin. Suðvestan við kofaröðina eru traðirnar (sjá 011), um 2 m breiðar, og þar vestan við gamall trjágarður, afgirtur með vírgirðingu, með 6 birkitjrám og einum stæðilegum reyni, rabbarbarabeð í suðvesturhorni. Garðurinn er ábyggilega ofan á bæjarhólnum og gengur rani af byggingaleifum undan trjágarðinum til vesturs og norðurs. Mál á kofunum: Norðaustasti, 5x3 m, suðvesturlangveggur steyptur. NA og SA veggir hlaðnir úr hnullungagrjóti. Aðeins grindin eftir i timburþilinu, Þakið hvílir á veggjunum, aðeins ein stoð í suðurhorni. Miðkofinn er 3,5x2,5 m, með steyprum veggjum að innan og steyptu gólfi. Torfi hlaðið utan með steypuveggjunum, þakið hvílir á veggjum. Timburþil nokkrunveginn heilt. Suðvestasti kofinn er 4x2,5 m, torf hefur verið í NA langvegg og garði þar fyrir innan. Hann hefur verið rifinn og veggurinn hrunið inn. SA og SV veggir eru grjóthlaðnir en rúmlega meterslangur steypubútur er innan við suðausturgafl. Fjórar stoðir eru með suðvesturlanghlið og á móti þeim önnur röð, þar sem garðinn var, tæpan metra innan við norðausturlangvegg. Timburþilið gisið. Stafnarnir á kofunum eru ekki í línu og gengur þil norðausturkofans lengst fram en miðkofans styst, munar þó ekki meira en 1 m. Þessir kofar munu gerðir á 20. öld eftir að flutt var úr bænum og hefur stærsti hluti hans verið framan, vestan, við þá. Vesturhluti hólsins hefur verið sléttaður og sést ekki skýr brún á honum þar, en suðvestan við trjágrðinn er brún, um 1 m há.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir, 1; Túnakort 1917; Ö-Hafþórsstaðir svör, 14

**MH-056:002** *Bænhúskrókur* tóft bænhús 386783 481215

1708: "Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ekki tíðir veittar í manna minni." segir í jarðabók Árna og Páls. "Bænhúskrókur heitir upp með brekkunni ofan við Bárðarflöt, austan megin.; Það sjást ekki neinar rústir eða minjar í samban[d]i við bænhúsið …" segir í örnefnalýsingu. Fjóshlöðutóftin er á norðausturenda bæjarhólsins,






Mynd 6 að ofan. Fjóshlaða 002 úr suðvestri.

Mynd 7 til vinstri. Tóft fjóshlöðunnar í Bænhúskrók.

um 20 m suðvestan við núverandi íbúðarhús.
Á gilbrún á bæjarhól, hluti af sömu röð og kofarnir sem enn standa á bjarhólnum (sjá 001). Sléttað tún upp að að norðan og vestan, grasbrekka að suðaustan.
"Bænhúskrókur. Fyrir austan gamla bæinn, eða þar sem hann stóð, rétt við þar sem gamla fjóshlaðan stóð, er be[y]gja á bæjarhólnum eða þar sem Bæjargil rennur niður með túninu, og er hún í norður fyrir austan bæginn þar sem hann stendur nú. Þar fram af er mjög brött brekka. Framar ofan við Bænhúskrókur. Fyrir austan gamla bæinn eða þar sem hann stóð, rétt við þar sem gamla fjóshlaðan stóð er beygja á bæjarhólnum eða þar sem Bæjargil rennur niður með túninu, og er hún í norður[?] fyrir austan bæinn þar sem hann stendur nú. Þar fram af er mjög brött brekka framar ofan við Bárðarflöt. Þar sem brekkan lækkar aftur beygir hún í norðaustur og síðar í austur. Þar fyrir austan rétt við rann Bæjargilið síðan austan og norðaustan eru Gilflatirnar. Bæjargilið rennur nú allt austan við Gilflatirnar. Smá flöt er undir brekkunni sem var áður þýfð. Þetta er Bænhúskrókur sem er með fram brekkunni. Þau munnmæli hafa varðveist að bænhús hafi verið á Hafþórsstöðum og þess getið í jarðabók Árna Magnússonar, en það þá löngu aflagt. Ég hef fyrir löngu heyrt um það talað. Það hefur verið álitið af eldri mönnum að það hafi staðið á svipuðum stað og gamla fjóshlaðan stóð en það eru töluverðar rústir eftir af henni en aðrar tóftir sem gætu verið eldri sjást ekki. Það er til sögn því til staðfestingar að uppúr aldamótunum eða snemma á þessari öld eða þegar þessi hlaða var byggð. Var hún grafin djúpt niður í gamlar rústir en þegar djúpt var komið niður komu fornar leifar af mannabeinum. Var það álitið að lent hefði verið í grafreit sem hefði verið frá þeim tíma sem bænhúsið stóð. Álitið var eða giskað á að upphaflega hefði bænhúsinu verið gefið engjastykki niður í dal. Og var það

aðallega af því að í engjunum er laut er heitir Bænhúslág. Á þessar engjar er minnst í jarðabók Árna Magnússonar IV. bindi og þær tilheyri engri jörð. En þá eru nokkrar jarðir sem nytja svona engjabletti niðrí dalnum. Í jarðabókinni segir að árlega sé heyjað frá Hafþórsstöðum það sem á vantar á helmingi á Tunguengi. Hvað sem því líður þá voru þessar engjar í margar aldir undir Hafþórsstöðum nytjaðar þaðan fram á þessa öld, en tilheyra Hreimsstöðm nú og eru í daglegu tali nefndar Hreimsstaðaengjar. Í það heila er lítið vitað um sögu þessa bænhúss. Finnst ekkert um það í fornskjölum, sennilega verið reist fyrir 1100 og fljótlega lagt niður, trúlega fyrir 1400 eða jafnvel fyrr. Eins og fyrr segir er talið líklegt að það hafi staðið í austur frá bænum en hann mun hafa staðið nokkuð vestar. Og þess vegna heitir krókurinn á Bæjarhólnum sem hefur verið svona norðaustur eða norður frá bænhúsinu Bænhúskrókur." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar og í viðbótum við skrána segir hann: "Bænhúskrókur heitir upp með brekkunni, en það er snarbrött brekka austan og suðaustan við íbúðarhúsið bakvið gömlu fjóshlöðuna eða þar sem hún stóð austast í gamla bæjarstæðinu. Það sjást ekki neinar rústir eða minjar í sambandi við bænhúsið en ég lét fylgja í vetur munnmæli og sagnir með svörunum við spurningalistanum." Veggir tóftarinnar standa hærra eða jafnhátt og veggir koafanna suðvestan við, um 1 m yfir túninu norðan og vestan við. Tóftin er 9x4 m að innan og hefur dyr til norðausturs, 14x9 m að utan, veggir breiðastir að norðanverðu. Tóftin er full af rusli frá 20. öld og var byrjað að hreinsa það sumarið 2020 en því ekki lokið þegar skráning fór fram. Tóftin er greinilega allmikið niðurgrafin, a.m.k. Um 1 m frá yfirborði. Grjóthleðslur sjást í veggjum að innanverðu en tóftin er annars mjög vel gróin og vafin sinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM IV, 297; Ö-Hafþórsstaðir, 1;Ö-Hafþórsstaðir svör, 3-4; Ö-Hafþórsstaðir viðb, 3; Túnakort 1917





Myndir 8 og 9. Hesthústóft 003. Á ljósmyndinni er horft úr suðvestri

**MH-056:003** tóft hesthús 386735 481105
"... smárúst er nærri gilinu af gömlu hesthúsi." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Tóftin er uppi á Húsatúni, um 100 m VSV við bæ 001, á blábrúninni þar sem Húsatún gengur lengst til norðausturs, með Bæjargilið að suðvestan og allháa brekku niður að Fagurhóli að norðaustan.
Í ósléttuðu gömlu túni, nálægt brekkubrún að sunnan og austan.
Einföld tóft, 3x2 m að innan, með dyr til suðvesturs 6x5 m að utan auk 3x2 m grjóthrúgu, flatri að ofan, við norðvesturvegg. Þessi hrúga gæti verið alveg grjóthlaðinn hluti byggingarinnar sem hefur fallið saman, en líka er mögulegt að þetta sé grjót sem rifið hefur verið úr veggjunum og ekki komist lengra. Hin eiginlega tóft er alveg gróin en sér í steina í vegghleðslum. Um 3 m framan, suðvestan, við tóftina er um 2x1 m dæld sem líklega er mannaverk.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hafþórsstaðir svör, 14

**MH-056:004** *Húsaskarð* tóft fjárhús 386668 481113
"Suðvestan við bæinn er smáhóll, grasi vaxinn, er heitir Fagurhóll. Heldur vestan hans er skarð, er heitir Húsaskarð og er utan túns." segir í örnefnalýsingu. Stór fjárhústóft er norðaustarlega á Húsatúni, sunnan við Klauf og nálega á brún hennar, 140 m suðvestur af bæjarhól.
Á brekkubrún í gömlu túni sem hefur ekki verið sléttað.



Mynd 10 að ofan. Fjárhús í Húsatúni, hlöðuveggur að innan úr norðaustri. Vegginn ber í hólinn með fjáhúsum 005.




Mynd 11 til vinstri. Fjárhústóft 004

"Húsaskarð: Suðvestur af Fagurhól er nokkuð djúp og grasigróin laut sem liggur í suðvestur og síðan í vestur á milli tveggja kletta og myndar þar skarð sem sagt er að heiti Húsaskarð. Austur af skarðinu og fyrir suðaustan lautina er grasi gróinn stallur með gömlu túni sem kallaður er Húsatún. Á þessum stalli stóðu gömlu fjárhúsin og af þeim er nafnið á skarðinu komið. Frá húsunum og um Húsaskarðið niður í Götudal liggur gömul gata (sem líklegt er að hafi verið nefnd Húsagata þó það sé ekki vitað.) Sér vel móta fyrir henni enn, og mikið verið rutt úr Húsaskarðinu. Aðallega mun þessi gata hafa verið farin er hey var flutt neðan af Stekkjarnesinu eða úr lautum í Melunum og það hey sem flutt var alla leið neðan úr dal fyrir vestan Norðurár. En þar var heyjað um aldaraðir." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar og í viðbótum við skrána segir hann: "Hann hefur verið kallaður Heimaklettur eftir að hætt var að nota eyktamörk. Ofan við hann er Húsatúnið. Klauf er á milli Húsatúnsins og klettsins. Þar stóðu fjárhúsin áður og við þau er Húsaskarð kennt." Stór þreföld fjárhús og mjög stór hlaða aftan við þau að norðvestan. Stafnar hafa snúð í suðaustur. Hlaðan er 11x6 m að innanmáli og standa grjóthleðslur að innan allt að 1,7 m. Hlaðan er niðurgrafin, a.m.k. 0,7 m m.v. fjárhúsgólfið og líklega talsvert meira. Í veggjum hennar er víðast (þó ekki í norðvesturhorni) stallur sem annaðhvort hefur verið undir aurstokk eða er leifar af eldra byggingarstigi. Suðvestasta fjárhúsið er 11x3,5 m að innan, grjóthlaðinn garði eftir endilöngu og steypt baðþró í suðausturenda hans, 2,5x0,75 m. Þar norðaustan við er annað fjárhús líkt hinu að gerð en ívið styttra, 9x3,5 m, líka með grjóthlöðnum garða eftir endilöngu. Þriðja og norðaustasta hólfið er mjórra (<2 m) og styttra en hin. Öll byggingin er grjóthlðain og vel gróin að utanverðu jafnt sem innan. Hleðsluhæð í fjárhúsum er <0,5 m. Timburþil hefur verið á milli hlöðunnar og fjárhúsanna tveggja með görðunum en torfveggur er milli hlöðunnar og norðaustustu tóftarinnar og ekki sýnilega innangengt á milli. Útveggir eru um 1,5 m þykkir. Tóftin er mjög líklega byggð á eldri rústum.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 1; Ö- Hafþórsstaðir svör, 2; Ö-Hafþórsstaðir viðb, 2



Mynd 12 að ofan. Fjárhús 005 úr norðvestri, úr Klauf.




Mynd 13 til hægri. Fjárhús 005

**MH-056:005** tóft Fjárhús 386624 481077
“... annað minna og eldra fjárhús og heytótt sem síðar hefur verið búið til hesthús úr …" segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Hár rústahóll með lítilli tóft ofan á er í norðvesturhorni Húsatúns, 60 m suðvestan við fjarhús 004 og 195 m suðvestan við bæjarhól 001.
Í ósléttuðu gömlu túni, brekka niður af til norðvesturs, niður í Klaufina.
Allstór hóll, um 3 m hár m.v. Túnið austan við, en nú sjást þar ekki aðrar minjar en lítil tóft sem grafin er inn í koll hólsins. Hún hefur opnast til norðvesturs í átt að Klaufinni, er 5x2,5 m að innan og hefur líklega haft timburgafl, Veggir eru um 2 m breiðir og er greinileg grjóthleðsla að innanverðu í suðvesturvegg og norðvesturkampi að utan. Sunnan og vestan við eru merki um eldri byggingarstig, m.a. Regluleg dæld með grjóti í hliðum og botni við suðurhorn tóftarinnar
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 14



Mynd 14 til vinstri. Réttin 006 ofan af Heimakletti, horft úr suðaustri. Efst til hægri á myndinni sést hvar garðurinn 031 liggur upp að norðausturhorni réttarinnar.




Mynd 15. Rétt 006

**MH-056:006** gerði rétt 386623 481171
"Undir Heimakletti sést en fyrir mjög fornri grjótrétt sem er fremur lítil og sigin í mosagræna skriðu eða urðina undir." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Grjóthlaðið gerði er undir norðausturausturenda Heimakletts, um 100 m vestur af bæ 001 en i hvarfi frá honum.
Í mosagróinni skriðu undir standbergskletti. Snögggróinn stallur þar neðan við með ýmsu braki frá seinni tíð en þar neðan við, að norðan og austan, er sléttuð tún.
Grjóthlaðið gerði, 15x8 m að utan, byggt utan í klettinn sem myndar suðausturhlið. Hleðslur eru alveg fallnar við jörðu, og talsverð dreif úr þeim niður híðina. Gerðið er hlaðið í um 30° halla. Engar dyr sýnilegar. Ekki er útilokað að minni hólf hafi verið við norðvesturvegg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 15

**MH-056:007** garðlag túngarður 386551 481090
"Þarna í túninu og í kring sést fyrir túngarðsleifum." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Garður, sem er fremur girðingarundirstaða en garðlag, liggur NNV-SSA frá vesturenda Kúalágar og upp fyrir Heimaklett, yfir Klaufina og áfram fyrir suðvesturhlið Húsatúns.
Um deiglendi, mela, klettabelti og tún
Neðst, ofan við suðvesturenda Kúalágar, er lág torfhleðsla, innan við 0,5 m breið og 0,3 m há. Skurður er meðfram henni að suðvestanverðu. Undir suðvesturenda Heimakletts, skammt norðaustan við Húsaskarð, er grjóthleðsla og liggur hún með hlykk yfir Klaufina og upp á stallinn sem Húsatún er á. Endar þar úti í mýri en þó sést (af næsta klettastalli ofan við) hvar girðingin hefur legið áfram upp undir þann stall. Þar hefur verið vinkilbeygja á garðinum og suðausturhlið hans hefur haft stefnu í átt að hesthúsinu 003. Þetta sést eins og rák ofan frá en er illgreinanlegt á staðnum þar sem þessi hlið garðsins hefur legið. Þar sem hlykkurinn er á girðingunni við Heimaklett er stallur í klettinum þar sem grjót hefur verið sprengt frá til að hlaða undir girðinguna. Efnismesta grjóthleðslan er fast undir Heimakletti og þar mætti tala um eiginlegan grjótgarð. Mannvirki þetta er heldur efnismeira en venjuleg girðingrundirstaða, grjótgarðurinn 0,5-0,7 m breiður með tvöfaldri hleðslu og gæti verið einhverskonar millistig milli torf- og grjótgarðs og vírgirðingar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 14



Mynd 16. Túngarður 007 úr suðaustri, ofan af Heimakletti



Mynd 17. Götur úr Húsaskarði úr norðri. Heimaklettur til vinstri. Götudalur sjálfur er til hægri utan myndar

**MH-056:008** *Götudalur* gata leið 386320 481162
"Vestan við mýrina út undir Murulæk var laut í Melana og brekkugeirar beggja megin, sem kallað var Götudalur, og voru þar kúagötur." segir í örnefnalýsingu. Húsaskarð er geil í klettabeltið og heitir Heimaklettur þar norðaustan við. Úr Klaufinni, milli Heimakletts og Húsatúns, hafa legið götur sem sjást nú ekki glöggt en suðvestan til í skarðinu hefur greinilega verið rutt fyrir götunni og er þar allhár grjótbunki norðaustan við götuna sem er sjálf nær klettinum suðvestan við. Frá þessum stað er gatan auðrakin, fyrst til NNV niður hlíðina en tekur síðan meira vestlæga stefnu í átt að Stekkjarnesi, þvert yfir Götudal (þar sem önnur gata greinist frá henni sem liggur eftir dalnum endilöngum - en hverfur í mýri þegar um 200 m er eftir að Murulæk). Götuna má rekja glögglega allt norður undir þjóðveg, en norðan við hann sést hún ekki. Hún gæti hafa lent þar undir vegarslóða sem liggur út á nesið framhjá stekknum 022, en líka er mögulegt að hún hafi aldrei ná lengra því þegar yfir veginn er komið tekur við graslendið uppfrá Stekkjarnesi þar sem heyjað hefur verið. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 er þjóðleiðin sýnd á sömu slóðum og þjóðvegurinn er nú og þessi leið heim að bænum látin kvíslast frá henni heldur vestar en þessi gata.
"Frá húsunum [á Húsatúni] og um Húsaskarðið niður í Götudal liggur gömul gata (sem líklegt er að hafi verið nefnd Húsagata þó það sé ekki vitað.) Sér vel móta fyrir henni enn, og mikið verið rutt úr Húsaskarðinu. Aðallega mun þessi gata hafa verið farin er hey var flutt neðan af Stekkjarnesinu eða úr lautum í Melunum og það hey sem flutt var alla leið neðan úr dal fyrir vestan Norðurár. En þar var heyjað um aldaraðir. … En áður fyrr lá gatan mikið nær bænum en vegurinn liggur nú. Hún lá yfir melana fyrir austan Bæjargil og meðfram því og lá undir Kvíabrún ofan í gilinu rétt á vatnsbakkanum, en á mót við bæinn kom önnur gata sem lá neðan úr melum og yfir túnið. Hún lá neðan úr dal yfir melana og ofan í Götudal á parti. Eftir þessari götu heitir dalurinn. Upp úr Götudalnum liggur önnur gata upp að fjárhúsunum um Húsaskarð. En úr Götudalnum liggur hún yfir Votumýri sem hefur verið blaut enda sést þar enn fyrir púkki í götunni, síðan þvert yfir Kúalág. Eftir að yfir Kúalág var komið sér smávegis fyrir túngarði, en þar byrjar tröðin sem var þvert yfir túnið." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir, 4;; Ö- Hafþórsstaðir svör, 2, 20-21; Herforingjaráðskort 1913

**MH-056:009** garðlag túngarður 386756 481140
65 m suður af bæ 001 er garðlag sem liggur á ská upp brekkuna neðan við Húsatún og hverfur í henni miðri. Sefnir austur - vestur
Í túni - hallar niður að læk í Bæjargilinu.
Garðurinn sést á um 40 m kafla neðan úr Bæjargilinu. Hann er mjög siginn, útflattur að kalla, einkum ofar í brekkunni, víðast um 2 m breiður og ekki meir en 0,5 m hár. Meðfram honum að sunnan er um 4 m breið geil þegar komið er ofan í gilið og gæti það verið gömul tröð, og í framhaldi af henni til vesturs, uppi í brekkunni er skásneiðingur þar sem gata liggur upp á Húsatún. Þegar upp á brún er komið stenst þessi gata á við rudda braut eftir túninu endilöngu, milli 003 og 004, sem stefnir norðaustur-suðvestur Þessi braut er áreiðanlega mannaverk en lítur meira út eins og ýtufar en gamalt mannvirki. Líklega er þessi braut ótengd túngarðinum og fremur ummerki um aðkomu að bænum frá 20. öld.
**Hættumat:** engin hætta

**MH-056:010** *Uxahóll* heimild 386676 481257
"Norðar í túninu er hóll, sem heitir Uxahóll." segir í örnefnalýsingu. Uxahóll er 4-5 m hár náttúrulegur hóll neðst í túninu, 120 m norðan við bæ 001.
Í túni eða túnjaðri, mjög grösugur hóll.
"Uxahóll: Því miður er ekki vitað um það af hverju þessi sérkennilegi hóll hefur fengið þetta nafn. Mér þykir líklegt að hann hafi átt einhverja sögu í sambandi við einhvern atburð en það er allt löngu gleymt eða glatað núna. Nafnið bendir til þess að það geti verið frá þeim tíma er nautpeningur gekk sjalfala t.d. niður í Melum. En

það er hugsanlegt að það svæði hafi litið öðruvísi út í fornöld en það lítur út nú. Hugsanlega gætu nöfnin á Kúalág og Uxahóll haft eitthvað sameiginlegt því hún sé kennd við kýr. Engin sérstök vegsummerki eru hjá hólnum, nema þúfnahólmar sem eru í laut norður af hólnum og í miðjunni á honum. En þær gefa litla vísbendingu. Útlit og lögun hólsins gæti aðeins verið möguleiki að hafi verið uppruni nafnsins en þó tel ég það mjög ólíklegt." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar og seinna í sama skjali: "Við Uxahól sjást engin merki fyrir tóttarleifum eða fornum byggingaleifum, en þó ekkert sé vitað um uppruna eða tilefni þessa nafns þá hlýtur það að vera frá þeim tímum er uxar voru hafðir og gæti verið mjög fornt. Uxahóll og Fagurhóll eru báðir grasigrónir og toppmyndaðir, báðir fallegir að lögun, Fagurhóll nokkuð minni." En í viðbótum við skrána segir Guðmundur: "Í skránni stendur Suðvestan við bæinn er smá hóll, grasi vaxinn er Fagurhóll [heitir]. Þetta mun vera Uxahóll. Um nafnið er ekki vitað, en afar fornar tótta leifar eru utan í honum, óljósar. Hóllinn er í vestur frá gamla bænum. … Þá er það hóllinn sem er norðar í túninu og nefndur í skránni (Uxahóll). En vegna síns sérkennilega útlits þá hlýtur það að vera Fagurhóll, strítumyndaður neðar og norðar en hinn hóllinn sem ég held að sé Uxahóll og norðar en Nónklettur." Hóllinn er aflangur frá norðaustri til suðvesturs, brattara niður af til norðurs og vesturs, um 50 m langur. Ekki er um að ræða neinar ótvíræðar mannvirkjaleifar en annar af þúfnaklösum þeim sem Guðmundur nefnir, í laut uppi á miðjum hólnum, sést greinilega og gæti bent til tófta. Yfirhöfuð er hóllinn líklegur fyrir hússtæði. Í sambandi við Uxahól hefur verið vísað í sögu sem Þórbergur Þórðarson ritaði upp og birtist í Gráskinnu hinni meiru (endurpr. Í Borgfirzkri blöndu II, 191) um rekstur kúar ofan eftir Norðurárdal: "niður svo nefnda Hólsey og stefna að Hafþórsstöðum og rak drengur á eftir kúnni. Hélt Bjarni [á Bjarnastöðum], að menn þessir væru frá Sveinatungu, Hvammi eða úr Sanddal með kú til nauts á Hafþórsstöðum, Virtust þeir ætla yfir Norðurá á Hafþórsstaðahyl [þetta reyndis missýn en daginn eftir var kýr frá Sveinatungu rekin til nauts á Hafþórsstöðum og misstu þeir hana niður um ísinn í Hafþórsstaðahyl]." Hóllinn sést á Mynd 38.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 1; Ö- Hafþórsstaðir svör, 2, 15; Ö- Hafþórsstaðir viðb, 1; Gráskinna hin meiri I, 55-56; Borgfirsk Blanda 2, 191


Mynd 18. Traðirnar 011 úr Bæjargili upp á bæjarhól 001. Úr ASA

**MH-056:011** garðlag
Traðir 386780 481186
"Frá gamla bænum lá Tröðin bæði niður á túnið suður, Kúalág, og austur fyrir gil að gamla Grjóthálsveginum (lítið sést eftir af henni núna)." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Leifar traðanna sjást nú á tveimur stöðum. Annarsvegar austan í bæjarhólnum 001, þar sem þær liggja niur í Bæjargil frá suðvesturenda kofaraðarinnar, og hinsvegar neðan og norðan við Heimaklett, á stallinum ofan við Kúalág og neðan við réttina 006.

Annarsvegar utan í bæjarhól og hinsvegar á snögggrónum mel en að mestum parti afa traðirnar legið um túnið skv. Lýsingu. "Eftir að yfir Kúalág var komið sér smávegis fyrir túngarði, en þar byrjar tröðin sem var þvert yfir túnið. Aðeins sést fyrir á stöku stað marka fyrir henni ennþá. Hún lá frá Kúalág fyrir vestan Uxahól og síðan upp í sveig upp túnið og síðan upp Bæjarhólinn og hefur verið á milli bæjarins og skemmu eða einhverra geymsluhúsa sem voru vestan við götuna. Þessu er nú öllu búið að breyta. Síðan lá hún ofan í gilið og yfir það. Þá var komið á hina götuna sem lá yfir Grjótháls." segir Guðmundur ennfremur í sama skjali. Á bæjarhólnum eru traðirnar um 20 m langar og liggja í allmiklum halla, um 2 m breiðar og rúmlega 1 m djúpar. Neðan við Heimaklett eru þær mun breiðari, 5-7 m og sjást ar á um 60 m kafla. Þar er greinilegur kantur sitthvorumegin en uphleðsla sést ekki. Túngarðurinn 031 liggur yfir traðirnar þar og gæti verið yngra mannvirki þó þar sé líka skarð í hann og gæti hafa verið hlið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 3, 20



Mynd 19. Rétt eða kvíar 012 neðan við Kvíabrún


Mynd 20. Réttin 012 úr suðri, ofan af Kvíabrún. Sér í garðlagið 034 til vinstri

**MH-056:012** *Kvíabrún* gerði kvíar 386920 481260
"Austan við bæjargilið er klettabrún, er heitir Kvíabrún." segir í örnefnalýsingu. 160 m ANA frá bæ 001 er hóll eða stallur undir klettabrúninni og efst áhonum, undir brekkurótum, er rétt sem að hluta til er grjóthlaðin
Á grasi grónum stlli undir klettahjalla. Bæjarlækurinn rennur meðfram norðvesturhlið stallsins, en lítill gilskorningur er í brekkunni og afmarkar stallinn að suðvestan. Norðaustanmegin er hann ekki eins brattur og þar liggur bílslóði upp á hann.
"Á hæð eða hól grasigrónum rétt austan við Bæjargilið og blasir á móti bænum í austurátt frá honum. Sennilega hafa kvíar verið mjög lengi á þessum hól og aðalkvíar. Gæti verið að smá kvíar hafi verið á öðrum stöðum, en ekki vitað með vissu. Það virðist ekkert nafn vera á þessum hól en líklegt er að hann hafi verið nefndur Kvíahóll eða Kvíaból. Kvíarnar eru rétt við og undir norðurhluta Kvíabrúnar. Þegar hætt var að færa frá voru kvíarnar notaðar sem rétt, og hefur öðru hvoru verið gert og er gert enn. Þeim hefur eflaust verið eitthvað breytt í seinni tíð allavega stækkaðar. Tvær hliðarnar eru hlaðnar úr grjóti og hluti af þeim gæti verið frá eldri tíma. Gamall grjótgarður er frá réttinni eða kvíunum upp skarð sem er í Kvíabrún að vestan en hár klettur að austan. Niður þetta skarð hefur smalinn rekið kvíærnar á bólið því enn sést þar fyrir glöggri götu. Utan í hólnum sést greinileg gata þar sem gengið hefur verið upp að kvíunum. Það er ekki vitað með vissu hvenær hætt var að færa frá. En líklega snemma á þessari öld fyrir 1910. Frá þessum kvíum mun drengurinn hafa horfið sem sagt er frá í Vestfjarðaannál 1792. Um þetta er að sjá í Öldin átjánda seinna bindinu og Borgfirskum æviskrám IV bindi þar sem sagt er frá foreldrum hans bls. 355." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Í Vatnsfjarðarannál yngsta er þessi frásögn við árið 1792: "Eitt barn, 4ra vetra gamalt, að nafni Sigurður, hvarf að kveldi þess 10. Julii af stöðli á Hafþórsstöðum í Mýrasýslu; að því var leitað af 160 manns í 3 daga, og fundust þess för víða í leirflögum, liggjandi fram til fjalla, en það fannst ei sjálft fyrr en eftir 2 ár þess líkami óskaddaður á einni mosaflá fram á fjalli." IA V, 444-45 sbr. Djáknaannála IA VI, 323. Réttin er 23x15 m að stærð og hefur haft tvo dilka meðfram norðasuturhlið. Hún er gerð úr grjótveggjum að hluta; suðvesturhlið alveg, norðvesturhlið að stærstum hluta og bútur af suðausturhlið. Annarsstaðar eru veggir úr bárujárni sem er neglt á staura og er víðast grjótlögn undir sem gæti verið endurnýting á eldri hleðslu. Grjóthleðslan í norðvesturvegg er að mestu óhrunin, um 1,2 m há, 4-5 umför, en vír og timbur hefur verið sett ofan á. Mjótt hlið með hurð er norðarlega á norðausturvegg en stærri hliðop á sitthvorum enda suðausturveggjar og er grindin enn í því vestara. Réttin er frá 20. öld í því formi sem hún hefur nú og engin merki sjást um eldri byggingarstig. Garðruinn 034 er í beinu framhaldi af suðvesturvegg réttarinnar
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 1; Ö- Hafþórsstaðir svör, 6; Annálar V, 444-45.

**MH-056:013** *Götás* vegur leið 386727 479828
"Norðvestan við Háhlíðardal er klapparás, er heitir Götás. Þar lá vegurinn áður fyrri, og liggur enn, þó nú sé hann ekki mikið farinn." segir í örnefnalýsingu. Gamla leiðin yfir Grjótháls lá sunnan við Bæjarlækinn á móts við bæinn ofan í Bæjargilinu en síðan yfir lækinn ofan við fossinn neðan við Norðlinegabrekku. Þaðan lá leiðin vestanmegin í gilinu upp undir Prestavörðu 014 og er þar ofan við komin upp á Götás. Þar liggur hún undir núverandi veg og liggur samsíða honum á kafla, meðfram suðausturbrún ássins, 10-20 m frá veginum. Þar eru vörðubrot á 2-3 stöðum en síðan hverfur leiðin alveg undir malarveginn.
"Háhlíðardalur er kenndur við bröttu skriðurnar og hlíðina framan í Sandinum (Hafþórsstaðasandi), austan við Bæjargilið. En það á upptök sín úr Kötlunum og vestan úr Pokatjarnarhæðum. Gilið skiptir Háhlíðardalnum í tvennt. Fyrir vestan gilið eru Sundin, Götuásinn og Alviðra. Háhlíðardalurinn er nokkurn veginn um miðjan hálsinn á Hafþórsstöðum. Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofunar og ennfremur í sama skjali: "Síðan lá hún ofan í gilið og yfir það. Þá var komið á hina götuna sem lá yfir Grjótháls. Hún lá áfram upp með gilinu að austan að Norðlingabrekku en þar yfir gilið vestur fyrir og upp með því þar fast með gilbrúninni og sumsstaðar ofan í því og síðan upp stallann upp á Götuás hjá Prestavörðu og út Götuásinn að austan með Pokatjarnarhæðum og yfir hrygg fyrir vestan Alviðru og ofan í Töfludalinn austanverðan. En þegar vegur var lagður yfir Grjótháls, sem var í kringum síðustu aldamót, var hann lagður frá Götuás austur fyrir Gilin og meðfram bröttu hlíðinni á Sandinum niður Krókalágar. Þar út við á og farið yfir ána á svo kölluðu Sandhólavaði. En áður fór gatan niður með gili að vestan, og síðan austur fyrir móts við Norðlingabrekku." Í Bæjargili sést leiðin sumsstaðar sem einföld reiðgata en annarsstaðar er hún greinilegur ruddur vegur um 2 m breiður. Á köflum hefur grjóti erið rutt úr og raðað meðfram, á öðrum eru sneiðingar og jafnvel hlaðið undir (eða hefur þjappast niður svo stallar hafa myndast) en hvergi eru slík ummerki samfelld á löngu bili. Neðan við Prestavörðu hverfur gatan alveg í mýri og þó sjá megi hvar hún hefur legið eftir Götási eru þar hvergi skýr mannaverk fyrir utan vörðubrot á 2 eða 3 stöðum. Þau þurfa ekki að vera gömul og gætu tengst núverandi vegi sem er samhliða gömlu götunni á sama méli. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 er Grjóthálsvegur sýndir á sama stað og hann er nú og er þessi leið því eldri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 9, 21-22.


Mynd 21. Prestavarða 014 úr suðri

**MH-056:014** *Prestavarða* varða 386869 480088
"Á norðurenda Götás er smávarða alveg við veginn, er heitir Prestavarða. Það er ævagamalt vörðubrot dálítið niður undan Kötlum." segir í örnefnalýsingu. Prestavarða er 1130 m suður af bæ 001, á norðurenda ásaraðar sem núverandi Grjóthálsvegur liggur ofan (austan) við. Klapparhóllinn sem varðan stendur á er laus frá honum eiginlega Götás sem vegurinn liggur eftir en í sömu röð. Varðan er um 60 m norðvestur af Grjóthálsvegi og sést vel frá honum og neðan frá.

Á mosagrónum klettahjalla, á brúninni.
"Prestavarða. Áður fyrr er Hvammsprestur þjónaði Norðtungusókn fór hann yfir Grjótháls. Þegar hann var að koma frá Norðtungu seinni part dags eða kvölds, þá á hann að hafa séð ljósið í Hvammi frá vörðunni þegar dimmt var orðið. Það hefur nú líklega verið hlaðið ofan á vörðubrotið svo hún er áberandi nú, en vörðubrotið sjálft er mjög fornt orðið." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Gamla leiðin 013 er lengst af mjög greinileg vestanmegin í Bæjargili en hverfur svo skyndlega í mýrarsund áður en hún kemst upp á Götás. Varðan sýnir hinsvegar vel hvert á að stefna, hvort heldur sem komið er að neðan eða ofan. Hún hefur verið hlaðin upp, og líklega haldið við í seinni tíð. Hún er 2,2 m há, strýtulaga og stendur mjög vel. Engin

merki sjást um eldri vörðu undir en vel má hún vera hlaðin á eldri grunni. Steinar eru víðar á stangli á norðurenda Götáss en þessi staður er rakinn til að vísa leiðina á óvissum kafla.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3;; Ö- Hafþórsstaðir svör, 10



Mynd 22 að ofan. Stærsta tóftin á selinu 015 séð úr vestri frá mögulegum kvíum.

Mynd 23 til hægri. Sel 015




**MH-056:015** *Sel* tóft sel 386030 480269
"Vestan við Sláttusund, norðan við Sjónborg, er brekka með rústum í, er heita Sel." segir í örnefnalýsingu. Selið er 1200 m suðvestur af bæ 001 og 825 m VSV af Barnakletti 017. Hún er suðvestan í klapparholti, við vesturenda Sláttusunds og vatnskil milli Bæjargils og Murullæjar. Þessi staður er fremur norðaustur en norður af Sjónborg, beint upp af Torfristuskarði. 30 m VSV af grastorfunni sem seltóftin er á er önnur minni grjóthlaðin tóft á mosavöxnu klapparhholti og er lítið vik á milli þess og torfunnar.
Valllendisblettur utan í klapparholti sem annars er mosagróið og grýtt. Suðvestan og neðan við er grösugur hvammur en allt í kring skiptast á klapparholt og mýrarsund. Enginn verulegur lækur er i nánd en margar lækjarsytrur i mýrunum.
"Framan í brekkunni sest ennþá móta fyrir rústum eða tóttabrotum. En ofan við Barnaklett eða suður af honum við Sláttusund er kargaþýfi sem aðeins mögulega gæti verið mjög forn tóftabrot. Það er áreiðanlega mjög langt síðan haft var í seli á Hafþórsstöðum, margar aldir síðan. Það sem sagt veit enginn nú." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Stærsta tóftin er tvískipt, líklega fjárhús með hlöðu þvert



Mynd 24. Grjóthlaðin tóft, mögulegar kvíar, vestast á selinu 015, horft úr suðri

á aftan við. Samanlagt er tóftin 16x10 m að utan. Hlöðutóftin er 5x2,5 m að innan og gæti hafa veirð innangengt í fjárhúsið sem er 8x2 m og hefur dyr sunnarlega á austur langvegg. Grasbletturinn í kring er um 40 m í þvermál og gætu verið eldri byggingaleifar undir, en upphækkun er þó ekki veruleg. Veggir er um 2 m breiðir, talsvert signir en hleðsluhæð þó allt að 1 m í hlöðunni. Alveg gróin en glittir í grjót í vegghleðslum. Norðan við hlöðuna er mögulega önnur tóft, um 2x2 m að innan og sést sem regluleg dæld en norðausturveggur er mun lengri og gæti bent til að þarna hafi verið stærri byging. Tóftin á hólnum vestan við er aflöng og mjó og hefur útlit til að hafa verið kvíar. Hún hefur veirð grjóthlaðin en er alveg hrunin vð jörð og gæti hafa blásið upp en gróið aftur. Mögulegt líka að grjót hafi veirð fjarlægt úr henni. Hún er 6 m löng og 2,5 m á breidd, 1 m á breidd að innan, sokkin og líklega grafin ofan í melinn. Hefur opnast til suðurs, út á brekkubrún. Líklega er tvöföld steinaröð í grunninn en hvergi er lengur steinn yfir steini.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 11



Mynd 25. Tóftir 016 úr suðvestri




Mynd 26. Tóftir 016

**MH-056:016** tóftir 386637 480474
"... ofan við Barnaklett eða suður af honum við Sláttusund er kargaþýfi sem aðeins mögulega gætu verið mjög forn tóttabrot." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. 750 m beint suður af bæ 001 en í hvarfi frá honum, og 230 m SSV af Barnaklettti er grösugur þúfnablettur sem sker sig frá lyngmóanum í kring. Hann er ofan við mýrarsund sem hallar til norðausturs niður að Bæjargilinu. Það er austurendi Sláttusunds.
Lyngmóar og mosaþembur á klapparásum og mýrarsund á milli. Lækjarsytra er í dragi um 100 m neðan og suðaustan við.
Þúfnaklasi um 40x25 m og á honum a.m.k. tvær tóftir, mjög óglöggar og sprungnar. Sú stærri er 16x7 m að utan, líklega tvískipt með minna hólf í efri enda, hallar til suðausturs og opnast undan brekkunni. Hin er minni, 8x6 m að utan, og snýr þvert á hina með dyr til norðausturs. Hæglega gætu verið fleiri byggingar á þessum stað, sérílagi bæði norðaustan og suðvestan við suðausturenda stærri tóftarinnar, líka við norðvesturenda hennar. Á öllum þessum stöðum eru hvompur og vegglínur sem þó gera sig ekki sem samhangandi tóftir. Dálítil upphækkun gæti bent til eldri byggingarstiga undir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 11

**MH-056:017** *Barnaklettur* varða 386747 480676
"Niður með Bæjargili, nokkru neðar en Prestavarða, er Barnaklettur. Á honum er vörðubrot. Þar segir sagan, að börn hafi hrapað." segir í örnefnalýsingu. Barnaklettur er 540 m suðu af bæ 001, á vesturbakka Bæjargils á móts við þar sem Matargil rennur í það. Varðan er á hæstu klöppinni og hefur sést vel frá bæ þegar hún var í fullri hæð. Þó hún sé hrunin sést hún enn vel af gömlu leiðinni 013 sem liggur neðan við klettinn ofan í gilinu.
Bert klapparholt sem ber hátt. Mosi á milli klappanna.
Varðan er 1,5 m í þvermál, nú 3 umför, 0,5 m há, hlaðin úr allstórum steinum. Nokkrir hafa hrunið úr en h´n hefur varla verið meir en 1 m há með .því grjóti sem er að finna í kringum hana. Þessi varða gæti hafa þjónað bæði sem eyktarmark (hádegi er á milli hennar og vörðunnar 033) og sem leiðarmark á Grjóthálsveg.



Mynd 27. Varða á Barnakletti 017, úr SSA

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3

**MH-056:018** *Grafarsund* náma mógrafir 386082 480655
"Neðar, á næsta stalli, heitir Breiðasund, og neðan og vestar er Grafarsund, heiman frá fjárhúsum og út á merki. Þar voru mógrafir." segir í örnefnalýsingu. Grafarsund heitir sundið sem nær samfellt frá Húsatúni og suðvestur á merki og gæti víða hafa verið tekinn mór á því svæði (t.d. Í Torfristuskarði sem er samtengt - sjá 019). Greinileg ummerki um mógrafir eru á um 60x30 m svæði, 880 m suðvestur af bæ 001, norðan við dálítinn mel

sem er á milli Breiðasunds og Grafarsunds. Hnit þar er 480655.00 N 386082.13 A, 171 mys) en líklega yngri grafi eru heldur ofar og austar, 720 m suðvestur af bæ 001. Nýleg vígirðing liggur eftir Grafarsundi og er heldur ofar í því, um 20 m sunnan við síðarnefndu grafirnar og 50 m ofan við þær fyrrnefndu.
Forarblaut mýri á breiðum stalli milli klappaholta. Grafirnar eru á hæsta punkti sundsins. Þar er allbreiður stallur, um 200 m, en hallar niður af honum bæði til norðausturs og suðvesturs.
"Það er hugsanlegt að það hafi fyrir mjög löngu síðan verið [tekinn mór] í mýrarsundunum fyrir austan Gil, sem eru nafnlaus En aðallega hefur það verið tekið í Grafarsundi. Um mótöku fyrr meir á Hafþórsstöðum er ég lítið kunnugur. Ég er hæddur um að það hafi lítið verið tekinn mór eftir 1920 en þó gæti hafa verið öðru hvoru tekið upp mór fram undir 1940. Ég veit ekki hvað góður mór hefur verið í þessum mýrum, en líklegt er að þær séu ekki góðar mómýrar, en þó hefur það verið skást í Grafarsundi því þar hefur langmest verið grafið eftir mó. Nei ég veit ekki hvað djúpt var niður á móinn. En yngstu mógrafirnar eru nokkuð djúpar. Hvað mikill mór hefur verið tekinn hefur sennilega verið misjafnt. Það er orðið svo langt síðan að það hefur verið tekinn mór árleg að það er allt gleymt núna. En þarna hefur verið lengi tekinn mór í Grafarsundi því víða hefur verið grafið í því. Yngstu mógrafirnar eru skammt suðvestur frá gömlu húsunum. Torfrista hefur víða verið í mýrarsundunum en þó aðallega í Grafarsundi." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Víða sér móta fyrir fornum gröfum í Grafarsundi, alveg samföllnum og grónum, en vestari grafirnar sjást sem litlar aflangar tjarnir, 7-10 m langar og 2-3 m breiðar. Á austari staðnum eru grafirnar ívið minni, 5x3 m og 8x4 m og alveg fallanar saman en þó með skörpum og beinum brúnum sem benda til að þær séu yngri en hinar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö- Hafþórsstaðir svör, 11

**MH-056:019** *Torfristuskarð* örnefni rista 385859 480458
"Enn utar er klettur, en neðar er skarð, er heitir Torfristuskarð." segir í örnefnalýsingu. Torfrituskarð er utan og neðan við Grafarsund, í framhaldi af því þar sem segja má að það klofni um Vindborg. Skarðið er ofan við stallinn sem Murulækur rennur undir áður en hann beygir norður á Stekkjarnesi. Skarðið er um 1,2 km suðvestur af bæ 001.
breið og fremur flöt mýri með lágum og breiðum þúfum og mörgum lækjarsytrum sem renna til norðurs. Í kring eru melar. Þétt grasrót með stör og lyngi. Samskonar mýrar teygja sig bæði til norðausturs og suðvesturs, bæði ofan og neðan við Vindborg sem er suðvestan við skarðið.
"Torfrista hefur víða verið í mýrarsundunum en þó aðallega í Grafarsundi. Reiðingur er frekar lélegur í þessum mýrum þó hann sé ekki eins og verst getur verið. Hann mun aðallega hafa verið tekinn í Torfristuskarði en hann mun aðallega hafa verið notaður til að tyrfa hey meðan tóttir voru notaðar, og eins var hann notaður á þök og veggi. Eftir að hlöður voru byggðar á Hafþórsstöðum og farið var að nota bárujárn mun lítið hafa verið rist í Torfristuskarði. Nei uppi í Torfmýrardal sem er efst uppi í Háhlíðardal mun hafa verið tekið torf eftir nafninu að dæma. Torfristuskarð er hluti af Grafarsundi eða vestasti hlutinn, ofan við Vindborg. Klettabelti myndast í miðju Grafarsundinu frá merkjum á Skarðshömrum eða rétt norðan við merkin. Þessi klettaborg er með smá vörðu. Um nafn á henni er ég ekki viss hvort er átt við hana sem Vindborg eða rétt neðar er há klettaborg sem ég nefndi áður en hún er fyrir ofan Melana og lækurinn rennur undir eða meðfram henni. En samkvæmt skránni er erfitt að átta sig á við hvaða kletta eða borg er átt við, því ég hafði ekki heyrt neitt nafn á þeim, bara veit svona nokkurn veginn hvar Torfristuskarð er. En það mun vera kletturinn sem er í miðri mýrinni sunnan við það, en grasbrekka norðan við það, en hún er framan í samfelldu klettabelti sem nær fram undir Nónklett. Þetta sund eða Torfristuskarð er allt mýrlent svæði og ekki breitt. En vestar eða neðar er Vindborgin að ég held en hún er framhald af klettabeltinu sem er frá Nónkletti, en þegar að Vindborg kemur þá lækkar brúnin töluvert mikið og myndar grasbrekku sem nær meðfram mýrarsundinu (Torfristuskarðinu) upp á við. Víða annars staðar hefur torf verið rist; í Grafarsundinu við fjárhúsin gömlu og nafnlausa svæðinu fyrir austan Gil." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 11-12

**MH-056:020** *Torfmýrardalur* örnefni rista 386717 479755
"Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því. … Nú upp í Torfmýrardal sem er efst upp í Háhlíðardal mun hafa verið tekið torf eftir nafninu að dæma. … Í skránni segir að mýrasundið sem er fyrir norðan Alviðru og liggur með Götuásnum norðvestanverðum heiti Háhlíðardalur, en eitt af þeim fyrstu örnefnum sem við heyrðum var að þetta sund heiti Torfmýrardalur og bæði Þverhlíðingar og fleiri töluðu um það en Þórður Hákonarson minnist ekki á það." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Torfmýrardalur er slétt mýri í dæld ofan og suðaustan við Götás, um 250 m löng frá norðaustri til suðvesturs og um 100 m breið.
Blaut og slétt mýri, afmörkuð að norðvestan með standklettum í Götási.
Engin ummerki um torfristu sjást.

**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir viðb, 9, 12, 18

**MH-056:021** *Stekkjarnes* heimild um stekk 385574 481359
"Fyrir framan [Murulæk] er annað nes, er heitir Stekkjarnes. Það er tiltölulega nýtt nafn. Þar var stekkur, sem er að fara eða er farinn í ána" segir í örnefnalýsingu. Engin merki sjást nú um þennan stekk sem hefur verið á árbakkanum á Stekkjarnesi norðaustanverðu. Hnit var tekið þar sem nesið gengur lengst í norður, á móts við Dýrastaði, en þar er aflöng þúfa sem gæti mögulega komið heim við lýsinguna á tóft sem var að fara á kaf í möl. Engin ótvíræð mannaverk sjást á þessum stað sem er 1,2 km VNV frá bæ 001
Stekkjarnes er nú tún á sléttri grund við Norðurá.
"Stekkjabrotin eða stekkirnir við melaröndina rétt ofan við Stekkjarnes sjást enn þá, og í haust [1982] sást smá brot af hinum sem er við ána, en hann er alveg að fara á kaf í möl. Nokkuð sunnar, í hvammi einum þar sem Murulækur rennur eftir en framan í smá brekku fyrir neðan veginn, sér fyrir mjög fornum tóttarleifum sem gæti verið stekkur, en það er orðið mjög sigið og óljóst, en má þó greina það. Önnur gömul örnefni í sambandi við stekkina eru nú ekki kunn, en gætu hafa verið. Nýleg tún eru skammt frá stekkjunum og eru þau kölluð Stekkjartún." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar
**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 4; Ö-Hafþórsstaðir svör, 13



Mynd 28. Stekkur 022 úr NNV

**MH-056:022** tóft stekkur 385901 481303
"Annar stekkur var upp við melröndina. Þar var slegið." segir í örnefnalýsingu. "Stekkjabrotin eða stekkirnir við melaröndina rétt ofan við Stekkjarnes sjást enn þá, og í haust [1982] sást smá brot af hinum sem er við ána, en hann er alveg að fara á kaf í möl. .... Önnur gömul örnefni í sambandi við stekkina eru nú ekki kunn, en gætu hafa verið. Nýleg tún eru skammt frá stekkjunum og eru þau kölluð Stekkjartún." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar.

Stekkjartóftin er 870 m vestur af bæ 001, um 50 m NNV við tóft 038 og liggur vegarslóði á milli þeirra, um 3 m sunnan við þessa.
Í grashvammi ofan við tún á grónum eyrum á Stekkjarnesi, í halla utan í mel með grasi grónum hliðum en gróðurlaus að ofan. Vegarslóði liggur skammt frá. Tvískipt tóft, samtals 13x7 m, með skýrum en veigalitlum torfveggjum, víðast 0,5-0,75 m breiðum og innan við 0,5 m háum. Byggð í halla og er neðra hólfið - réttin - 8x3 m að innan með dyr á norðvesturgafli, en efra hólfið - króin - er 5x3 m og snýr þvert á hina. Ekki sýnilega innangengt á milli. Alveg gróin og líklega ekki grjót í hleðslum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir, 4; Ö-Hafþórsstaðir svör, 13




Mynd 29. Stekkur 022




Mynd 30. Tóft 023

**MH-056:023** tóft 385848 481054
"Nokkuð sunnar [en Stekkjarnes] í hvammi einum þar sem Murulækur rennur eftir er framan í smá brekku fyrir neðan veginn, sér fyrir mjög fornum tóttarleifum sem gæti verið stekkur, en það er orðið mjög sigið og óljóst, en má þó greina það." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Neðan við þjóðveginn rennur Murulækur suðvestanmegin í allbreiðum hvammi áður en hann kemur niður á Stekkjarnes. Þessi hvammur skerst inn á milli melanna og gengur tota úr honum til austurs neðan við veginn. Tóftin er norðanmegin í þessari totu, um 60 m norðan við veginn í brekkurótum fyrir botni hennar. Hún er 920 m vestan við bæ 001.
Sléttur grashvammur neðan við, grónir melar ofan við, með lyng- og grasmóa. Um 115 m frá Murulæk.
Einföld tóft, 10x5 m að utanmáli, hlaðin utan í brekkuna sem myndar norðurhlið. Hún opnast til vesturs og eru veggir um 1 m breiðr og 0,75 m háir, víðast lægri. Hefur verið rétt eða aðhald af einhverju tagi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 13



Mynd 31. Tóft 023 úr ANA



Mynd 32. Varða 024 úr suðvestri

**MH-056:024** varða 385806 479823
Á næsta klapparási ofan við Sjónborg (ATH), um 70 m norðaustan við merki er vörðubrot á steini. Lítið Grettistak er á klöppinni um 30 m suðvestan við þennan stað sem er 1685 m SSV af bæ 001 og 490 m suður af vörðu 030.
Í urð á mosavöxnu klapparholti, nálægt merkjum.
Aðeins 3 um för af steinum ofan á jarðföstum steini sem er 1x0,75 m og um 0,7 m hár. Við hliðina á honum er tveir aðrir steinar stærri og sjónarmun hærri. Í geilinni á milli þessara steina er hrun úr vörðunni. Skófirnar á henni eru eins og á steinunum í kring sem bendir til að hún sé ekki nýleg. Með steininum undir er varðan ekki meir en 1 m há og sést hún alls ekki nema vestan og norðvestan frá. Hún þyrfti að hafa verið hlaðin mjög há til að sjást neðan frá, og er ólíklegt að svo hafi nokkurntíma verið.
**Hættumat:** engin hætta

**MH-056:025** tóft 386828 481238
"Stórar tóttarleifar sjást vel á tveimur stöðum. Á hól einum suður og upp af Gilflötunum í Gilinu er gömul uppgróin rúst ekkert er um hana vitað, en var jafnvel haldið að þetta væri kvíaból, en það er held ég ekki rétt því það er líkara kofarúst." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Þessi tóft er 70



Mynd 33 að ofan. Tóft 025.

m ASA af bæ 001, á litlum hóli efst á Gilflötum, á norðurbakka bæjarlækjar.
Grasi vafinn hóll á lækjarbakka. Í kring eru sléttar grundir, valllendi, en suðaustan undir hólnum rennur lækur og brött brekka hinumegin, suðastan við hann. Hefur verið skammt utan túns en líklega hefur verið ræktað, a.m.k. Slegið í kringum hólinn á 20. öld. Bæjarlækurinn hefur áður runnið í vikinu milli þessa hóls og Bæjarhólsins en stíflað fyrir með varnargarðinum 032.
Einföld tóft með dyr til norðausturs - í átt frá bænum. Hún er 8x6 m að utan, 4x2 m að innan. Líklega hefur veirð timburþil í norðausturgafli. Suðausturlangveggur virðist hafa hrunið út á kafla en dældir eru bæði norðvestan og suðaustan við sem gætu verið pælur en líka ummerki um eldri byggingarstig. Tóftin er dýpst innst, í suðvesturenda, og þar er vegghæð 1,2 m en víðast lægri, 0,5-0,8 m. Grjót sést í vegghleðslum en


Mynd 34 til hægri. Tóft 025 úr vestri.

tóftin er annars alveg gróin. Spýtnabrak er í tóftinni, leifar af girðingu sem þangað hefur verið fleygt og tengist líklega ekki tóftinni. Norðaustan á holnum eru ójöfnur sem gætu bent til fleiri og eldri bygginga.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 15

**MH-056:026** *Fagurhóll* tóft útihús 386691 481179
"Stórar tóttarleifar sjást vel á tveimur stöðum. ... Við norðausturenda Fagurhóls er mjög forn uppgróin kofatótt, en það gæti hafa verið smá kindakofi með heytótt. En það veit engin neitt um þessa rúst. Suðvestar við hólinn lautarmegin hefur eitthvað verið rótað til líkt og hafi verið rifin burt kofarúst. Og eins smávegis neðan við Fagurhólinn norðar er líkt að hafi verið rifin burt rúst." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Á norðausturenda Fagurhóls er tvískipt tóft, 115 m vestur af bæ 001. Hóllinn sjálfur rís mun hærra suðvestan við tóftina og gætu verið fleiri tóftir á honum en hann er náttúrulegur í grunninn.
Á aflöngum hól í túni sem hefur verið sléttað í kring en ekki upp á hólinn.
Tvískipt tóft, Stærra hólfið er ofar og suðvestar. Það er 10x2 m og hefur dyr norðaustast á suðausturvegg. Minna hólfið er þar neðan og norðaustan við og hefur líka dyr til suðuausturs. Suðvesturendinn virðist grafinn inn í hólinn en veggir eru annars 1,5-2 m breiðir og mes um 0,8 m hár. Allri tóftinni hallar til norðausturs. Hin ummerkin sem Guðmundur Skúlason minnist á sjást nú ekki glöggt enda kafgras.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 15



Mynd 35. Útihústóft 026 á Fagurhóli




Mynd 36. Dældir 027 í Kúalág

**MH-056:027** dæld 386563 481272
"Í Kúalág er á einum stað í smá mel hrygg líkt og hafi verið rústir af einhverjum kofum. En áður en við komum [1968] var búið að slétta alla Kúalágina en þó má greina það að samt að á einum [s]tað sjáist fyrir ummerkum af einhverri rúst." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Kúalág er stór, gróin laut milli melhryggja vestanvið gamla túnið. Hálfgróinn melhryggur er norðan við lágina en engin ummerki sjást þar. Alveg gróinn hóll, lágur og breiður, er í miðri láginni. Hann er hæstur suðvestast en á norðausturenda hans eru tvær dældir í röð sem hafa útlit fyrir að geta verið leifar af sléttaðri tóft. Þessi staður er 210 m VNV af bæ 001.
Grasi gróin laut, var sléttuð á 20. öld en var áður valllendi utan túns.
Tóftin gæti hafa verið 10 m löng og 4 m breið, snýr norðaustur-suðvestur. Engin merki sjást nú um leiðina sem Guðmundur Skúlason lýsir að hafi legið um Kúalág heim að bænum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 15

**MH-056:028** tóft heystæði 386638 481305
Uppi á hryggnum beint norðan við Uxahól 010 er lítil tóft. Hún er 160 m neðan við bæjarhól og 53 m suðvestan við tóft 029 sem er samskonar mannvirki.
Gróinn melhryggur og grösug laut fyrir neðan. Hefur verið skammt utan gamla túnsins.
Einföld og lág tóft með mjóum torfveggjum, um 0,5 m breiðum, og steinum á stangli bæði utan við og innan í. Hefur ekki verið hús, lítur helst út eins og heystæði
**Hættumat:** engin hætta



Mynd 37. Heystæði 028 úr VSV.



Mynd 38. Heystæði 029 úr norðaustri. Uxahóll 010 sést ofan við miðja mynd til vinstri.

**MH-056:029** tóft heystæði 386686 481329
Á suðurbrún melsins norðaustan við Uxahól 010, 150 m NNV við bæ 001, er lítil tóft. Hún er 53 m norðaustan við 028 sem er samskonar mannvirki.
Á grónum mel, grösug laut neðan við.
Einföld tóft með lágum og mjóum veggjum, steinar á stangli í veggjum og utan við þá. Líklega heystæði. Fast suðvestan við tóftina er skarð í melbrúnina sem örugglega er mannaverk en er líkara því að það sé gert með gröfu en handverkfærum.
**Hættumat:** engin hætta



Mynd 39. Varða 030 úr suðvestri

**MH-056:030** varða 385680 480293 "Klettabelti myndast í miðju Grafarsundinu frá merkjum á Skarðshömrum eða rétt norðan við merkin. Þessi klettaborg er með smá vörðu. Um nafn á henni er ég ekki viss hvort er átt við hana sem Vindborg eða rétt neðar er há klettaborg sem ég nefndi áður en hún er fyrir ofan Melana og lækurinn rennur undir eða meðfram henni." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Vindborg mun vera klettaborgin sem Murulækur rennur undir (sbr. Ö-Hafþórsstaðir, 3-4), en ofan við hana er önnur klettaborg, ekki síður áberandi. Hún er suðvestan við Torfristuskarð 019 og er vörðubrot á henni suðvestarlega, um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og 260 m norðaustan við merki við Skarðshamra.

Á mosagróinni klettaborg.

Varðan hefur þrjú umför og hefur það efsta hrunið en þessi varða hefur aldrei verið mjög há, nema grjót hafi verið fjarlægt úr henni. Hún er aflöng frá norðri til suðurs og sést líklega best úr norðvestri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir svör, 12

**MH-056:031** garðlag túngarður 386617 481225

"Frá þessu réttarbroti eru leifar af gömlum túngarði niður í Kúalág." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Neðsta umfarið í grjóthlöðnum garði liggur í beinu framhaldi af norðausturvegg gerðisins 006 í um 20 m (og á því bil er stórt skarð þar sem traðirnar 011 eru). Þessi hlið garðsins liggur svo að segja beint í norður en síðan er gleitt horn og liggur garðurinn um 50 m niður brekkuna til norðausturs og kemur þar fyrir austurenda Kúalágar. Mögulega er framhald á garðinum upp brekkuna á móti, norðaustan við Kúalág, en sá hluti er þá úr torfi fremur en grjóti.

Um grasmóa.

Garðurinn sést víðast sem einföld steinaröð af allstórum steinum (0,4-0,7 m) og er hún talsvert sokkin og sumsstaðar sést að garðurinn hefur verið breiðari. Hefur yfirbragð grjóthlaðins garðs sem búið er að tína mestallt grjótið úr. Er a.m.k. mun efnismeira en venjuleg girðingarundirstaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hafþórsstaðir svör, 15



Mynd 40. Garður 031 sést óglöggt frá holtinu norðan við Uxahól (utan myndar til vinstri), yfir austur endann á Kúalág (til hægri) og sameinast réttinni 006 undir Heimakletti sem ber við himinn. Sjá einnig Mynd 14



**MH-056:032** garðlag varnargarður 386818 481199
Í Bæjargilinu, sunnan við hólinn sem 025 er á, meðfram lækjarbakkanum að vestanverðu hefur verið hlaðinn grjótgarður til að varna því að lækurinn flæddi yfir Gilflatir milli litla hólsins og Bæjarhóls.
Grasi gróinn lækjarbakki í gili, í túnjaðri. Gamall, gróinn lækjarfarvegur sést greinilega norðan við norðausturenda garðsins, í vikinu milli Bæjarhóls og litla hólsins með 025 á.
Grjóthlaðinn garður og sést grjóthleðslan vel á 7 m bili norðaustast, næst hólnum sem 025 er á, en síðan tekur við kafli til suðurs þar sem garðurinn er alveg gróinn og gæti verið að hluta til úr torfi. Lengra til suðvesturs, þar sem gilbotninn þrengist - á móts við traðirnar 011 - er hleðslan óljósari og gæti summsstaðar aðeins verið styrking á lækjarbakkanum, kantur fremur en garður. Suðvestan við traðarendann er grjóthrúga sem lækurinn hefur kastað upp á bakkann, yfir kantinn/garðinn. Garðurinn hefur verið 1,5 m breiður í grunninn, tvöföld hleðsla úr 0,3-0,6 m steinum úr gilinu. Mest 3 umför nú en hefur líklega ekki þurft að vera mikið hærri til að gegna hlutverki sínu - sem hann gerir enn.
**Hættumat:** engin hætta

Mynd 41. Varnargarður 032 í Bæjargilinu, úr norðaustri

**MH-056:033** varða 386834 481118
115 m SSA af bæ 001, á suðvesturenda Kvíabrúnar (eða hjallabrúnarinnar sem tekur við af henni til suðvesturs), sunnan við Bæjargilið, er varða á kletti í brúninni.
Á klapparhjallabrún ofan við lækjargil, mosi og lyng í kring. Blásið á kafla í brekkunni neðan við en graslendi og mýrar ofan við.
Varðan er hlaðin á dálitla klöpp sem skagar út úr brúninni. Hún er nú 3 umför, tæplega 1 m á hæð og 1x1 m í grunninn. Samskonar skófir eru á henni og klöppinni undir og er eftir því að dæma ekki alveg ný. Hrun úr vörðunni er sunnan við og líklega einnig norðvestan við, niður brekkuna. Gæti hafa verið eyktamark, þá hádegis, þó hún sé heldur austar en í hásuður frá bænum.



Mynd 42. Varða 033 á Kvíabrún úr SSA. Varðan ber í núverandi íbúðarhús en til vinstri við hana er bæjarhóllinn

Hugsanlegt er að hádegi hafi mátt maka af því að það er beint á milli þessarar vörðu og þeirrar sem er á Barnakletti 017. Mögulega eru leifar af annarri vörðu um 20 m vestar sem væri nær réttu hádegi. Það er grjóthrúga suðvestan undir kletti og eru steinar uppi á brúninni en þetta gæti líka verið náttúrulegt eða tengst

girðingunni 034.
**Hættumat:** engin hætta


Mynd 43. Hluti af grjótgarði 034 á Kvíabrún, úr norðaustri

**MH-056:034** garðlag vörslugarður 386928 481215
Í beinu framhaldi af suðurhorni kvíanna 012 liggur grjóthlaðinn garður upp brekkuna, um 40 m, og beygir síðan til vesturs eftir að upp á brúnina - Kvíabrún - er komið og fylgir henn um 60 m. 80 m sunnan við þar sem garðurinn endar er annar grjótgarðsbútur, 20 m langur (hjá vörðunni 033), í sömu brún og með sömu stefnu og er líklega sama mannvirkið.
Norðaustast liggur garðurinn beint upp allbratta brekku með grasi og lyngi en þræðir síðan klettabrúnina og sést víða aðeins á milli klappa en vantar ofan á þeim.
Grjóthlaðinn garður, samtals um 120 m langur, um 1 m breiður í grunninn, sums staðar 1,5 m og stendur mest 4-5 umför en víðast minna og sums staðar alveg hruninn. Leifar af vírgirðingu eru meðfram/á garðinum en hefur líklega upphaflega verið úr grjóti eingöngu.
**Hættumat:** engin hætta

**MH-056:035** kantur 386895 481339


Mynd 44. Hlaðinn kantur í rás á Gilflötum, mögulega skurður að myllu, úr ANA

170 m ANA af bæ 001, á Gilflötum á móts við stallinn sem réttin 012 er á, er gamall gróinn farvegur eða rás norðvestan við núverandi lækjarfarveg. Grjóthleðsla er í norðurbrún hans á einum stað sem bendir til að rásin sé, að hluta til a.m.k. manngerður skurður, mögulega til að veita vatni að myllu.
Á grasigrónum eyrum, samhliða bæjarlæknum þar sem hann rennur þétt undir stallinum sem réttin er á.
Rásin eða skurðurinn kvíslast frá núverandi farvegi til norðurs, beint undir stallinum sem réttin 012 er á. Hún liggur fyrir um 30 m beint í norður og beygir síðan til austurs aðra 30 m og er þar kominn aftur út að læknum. Rásin hefur útlit fyrir að vera náttúruleg nema á um 8 m bili í norðurbakkanum norðaustarlega. Þar er greinileg grjóthleðsla. Fast austan við hana - rétt um það bil sem




bakkinn endar - er hvompa, um 1 m djúp en ekki meira en 1 m breið og 2 m löng sem gæti tengst þessu. Hleðslan er mögulega ekki annað en styrking á bakkanum til að koma í veg fyrir að lækurinn flæddi yfir flatirnar en einnig er mögulegt að öll rásin sé manngerð, skurður til að veita vatni úr læknum, mögulega að myllu sem hefur þá verið þar sem hvompan er.
**Hættumat:** engin hætta

Mynd 45. Rás sem að hluta og mögulega öllu leyti er manngerð og gæti hafa leitt vatn úr Bæjargilinu að myllu við hvompu í norðausturendanum. Grjóthleðsla sést fyrir miðjum sveignum norðvestanmegin



Mynd 45. Norðlingabrekka handan Bæjargilsins úr suðvestri. Til hægri sér í rudda götu 013, gömlu leiðina upp á Grjótháls. Leiðin lá yfir lækinn rétt ofan við þar sem hann steypist fram af

**MH-056:036** *Norðlingabrekka* heimild um áfangastað 386814 481037
"Upp með Bæjargili að norðanverðu, ofan við gömlu fjárhúsin, sem nú eru horfin, var lítil brekka við gamla veginn, er hét Norðlingabrekka." segir í örnefnalýsingu. "Norðlingabrekka: Hún tilheyrir örnefnum fyrir austan Gil. Sunnan í samfelldri brún sem liggur meðfram gilinu frá kvíunum er grasi gróin brekka sem heitir Norðlingabrekka. Um nafnið á þessari brekku hef ég ekki heyrt neitt um, en gamla gatan lá þarna rétt við og bendir til þess að nafnið sé götunni tengt. Líklegt er að norðlenskir menn hafi áð í brekkunni þegar þeir voru á ferðalögum yfir hálsinn." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Örnefnalýsinguna mætti skilja þannig að brekkan sé vestan við lækinn, t.d. fast sunnan við þar sem gamli vegurinn (013) liggur yfir Bæjargilið, en Guðmundur Skúlason segir skýrt að brekkan sé austan við lækinn og kemur þá ekki önnur til greina en allbreið brekka sunnan við suðvesturenda Kvíabrúnar, austan við lækinn og veginn. Norðlendingar á suðurleið hafa þá áð þar rétt áður en þeir fóru yfir lækinn.
Breið grasbrekka í lækjargili, og mjókkar gilið mjög neðan við þennan stað.
Engin ummerki sýnileg.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Hafþórsstaðir, 4; Ö-Hafþórsstaðir svör, 13



Mynd 46. Varða 037 úr suðaustri.

**MH-056:037** varða 385770 481208
Á melbrún ofan við Stekkjarnes, 160 m suðvestur af stekknum 022, er vörðubrot.
Á blásnum mel, en fjær eru á honum mosaflatir og allt í kring valllendislautir og grónar eyrar neðan við sem hafa verið nýttar sem tún.
Varðan er sporöskjulaga í grunninn og snýr langhliðinni meðfram melbrúninni, norðaustur-suðvestur. Hún er nú 2 umför af fremur litlum steinum (20 sm) og gróin að ofan með lítilli hundaþúfu. Önnur hundaþúfa er 2 m frá til suðvesturs á berum melnum. Ekkert grjóthrun sést í kring og er greinilega mjög langt síðan þessi varða hefur verið stærri.
**Hættumat:** engin hætta




**MH-056:038** tóft 385954 481276
800 m vestur af bæ 001, norðan við þjóðveginn og suðvestan við slóða sem liggur af veginum niður á Stekkjarnes, er stór tóft. Hún er um 50 m ASA við stekkinn 022.
Allbreiður grasgeiri gengur upp í landið milli melholta frá Stekkjarnesi og er stekkurinn byggður upp við norðeystri melinn, neðantil í þessum hvammi. Í hvamminum er valllendi sem hefur verið slegið en ekki þó í seinni tíð. Norðvestan við er alldjúp laut sem gæti hafa nýst sem ból eða nátthagi. Stór rústahóll, 18x15 m, og hár að utanverðu, allt að 1,5 m, nærri hringlaga. Að innan er mannvirkið mjög samfallið en greina má hólf, um 3x2 m suðvestantil og norðan við það annað litlu stærra. Norður úr því gæti verið annað hólf eða op. Kafgras er á tóftinni. Fast norðaustan við hana er eins og veggstúfur, ekki meir en 2 m langur, líklega rask.
**Hættumat:** engin hætta

Mynd 47. Rústahóll 038



Mynd 48. Rústahóll 038 úr VSV.

**MH-056:039** tóft heystæði 385949 481350

830 m vestur af bæ og 65 m norðaustan við stekkinn 022 er tóft norðan í ávalri melbrún ofan við austurenda Stekkjarness. Vegarslóði er 15 m suðaustan við.

